

Farskóli FÍSOS 2018

Dublin

11. - 14. september 2018



Farskólastjórn

Helga Einarsdóttir

Hlín Gylfadóttir

Þóra Sigurbjörnsdóttir

Ljósmyndir: Hörður Geirsson og aðrir farskólanemar

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| Efnisyfirlit | 1 |
| Formáli | 2 |
| Undirbúningur farskóla í Dublin | 3 |
| Flug og gisting | 3 |
| Undirbúningur dagskrár | 5 |
| Dagskrá í farskóla í Dublin og textar frá hópstjórum | 6 |
| Þriðjudagur 11. september 2018 | 6 |
| Miðvikudagur 12. september 2018 | 17 |
| Fimmtudagur 13. september 2018 | 37 |
| Föstudagur 14. september 2018 | 49 |
| Styrkir og gjöld | 49 |
| Lokaorð | 51 |
| Viðauki- listi yfir þátttakendur | 54 |

Formáli

Farskóli FÍSOS (Félag íslenskra safna og safnmanna) hefur verið haldinn á hverju ári síðan 1989. Farskólinn er mikilvægur vettvangur endurmenntunar og samstarfs meðal íslenskra safna. Á hverju hausti hittast safnmenn ýmist á Íslandi eða erlendis, bera saman bækur sínar og styrkja sitt tengslanet. Farskólinn 2018 var ráðstefna sem haldin var í Dublin 11.- 14. september. Þar kynntu þátttakendur sér söfn borgarinnar, sýningar þeirra og innra starf um leið og þeir komust í kynni við írsku kollega sem tóku á móti hópnum. Dagskrá innihélt 23 heimsóknir á söfn og sýningar borgarinnar ásamt fyrirlestri frá Ginu O'Kelly, formanni *Irish Museums Association*. Skipulögð dagskrá farskólans í Dublin fyrir hvern einstakling taldi 14 klst. Auk þess gafst þátttakendum tími til að heimsækja söfn á eigin vegum, fara saman í útsýnisferð um borgina, bókmennta- og pöbbarölt og árshátíð FÍSOS.

Farskólastjórn vill koma á framfæri þakklæti til Helgu Maureen Gylfadóttur, formanns FÍSOS. Ráðleggingar hennar og stuðningur var ómetanlegur, jafnt í undirbúningsvinnunni sem og í Dublin. Við þökkum stjórn FÍSOS aðstoðina og traustið í garð farskólastjórnar við undirbúning skólans og er stjórn farskólans í Berlín 2014 færðar bestu þakkir fyrir ráðleggingar. Þeim einstaklingum sem tóku að sér hópstjórn í skipulögðum heimsóknum í Dublin eru einnig færðar sérstakar þakkir, ekki síst fyrir þær greinargerðir sem þeir tóku saman um heimsóknir þátttakenda á söfn í Dublin. Þeir farskólanemar sem lögðu til myndir úr ferðinni er þakkað sitt framlag ásamt Herði Geirssyni, ljósmyndara fyrir myndatökur auk þess að safna og varðveita myndir úr ferðinni. Ármann Guðmundsson fær bestu þakkir fyrir alla aðstoðina við undirbúning og veislustjórn á árshátíð og Bergsveinn Þórsson fær þakkir fyrir tæknaaðstoð. Þeim söfnum sem lögðu til gjafir til írskra kollega okkar er þakkað framlagið og auk þess fá vinnustaðir meðlima farskólastjórnar þakkir fyrir skilninginn á meðan stormkviður Facebook skilaboða stóðu sem hæst.

Farskólastjórn leitaðist við að útbúa fjölbreytta og áhugaverða dagskrá. Nefndin fékk mjög jákvæð viðbrögð frá söfnunum í Dublin og þau buðu íslenska safnmenn velkomna til heimsókna. Helstu forsvarsmenn og sérfræðingar safnanna tóku á móti farskólanemum og miðluðu þekkingu sinni og reynslu. Nefndin var meðvituð um að auk fróðleiks er aðalatriði hvers farskóla samvera safnmanna. Það var því von farskólastjórnar að þátttakendur ættu ánægjulegan farskóla, nytu dvalarinnar og bættu skemmtilegum farskólaminningum í sarpinn. Helst átti farskólinn að verða *Craic agus Ceol* eins og innfæddir myndu segja!

Undirbúningur farskóla í Dublin

Stjórn FÍSOS efndi til kosningar á meðal félaga um áfangastað farskólans 2018 og voru úrslit kosningarinnar tilkynnt 31. október 2017. Niðurstaðan var að farskólinn 2018 skyldi haldinn í Dublin. Stjórnin hafði samband við Helgu Einarsdóttur um miðjan desember og fór þess á leit við hana að hún tæki að sér að vera farskólastjóri. Skömmu síðar bættust Hlín Gylfadóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir við í farskólastjórn og undirbúningur var settur á fullt.

Helga er búsett á Írlandi og fyrir vikið fór undirbúningur farskólans nær eingöngu fram á netinu. Samskipti farskólanefndar fóru að mestu fram með Facebook skilaboðum og öll skjöl voru unnin í sameiningu á Google Drive. Svo heppilega vildi þó til að Helga átti nokkrum sinnum erindi til Íslands meðan á undirbúningi stóð og þá var tækifærið nýtt til fundarhalda.

Flug og gisting

Fyrsta verkefni farskólastjórnar var að finna hagstæðan ferðamáta og gistingu fyrir hópinn í Dublin. Talað var við Icelandair og WOW Air. Tilboði frá WOW Air var tekið, og *Gaman Ferðir* héldu utan um skipulag á flugi og gistingu. Guðrún St. Svavarsdóttir var tengiliður farskólastjórnar við *Gaman Ferðir*.

Um þetta tilboð var samið í gegnum tölvupóst en farskólanefnd fékk hvorki formlegan samning né skilmála í hendur. Þar sem enginn í farskólanefnd hafði samið við flugfélög um hópferðir áður vakti þessi skortur á formfestu ekki athygli nefndarinnar. Þegar leið á samstarf nefndarinnar við *Gaman Ferðir* reyndist þetta flækja hlutina töluvert þar sem sum samningsatriði virtist ekki vera á hreinu hjá *Gaman Ferðum* og þurfti nefndin ítrekað að vísa í samningspóstana til að tryggja að staðið yrði við samninginn. Eftirfarandi er það sem samið var um á milli *Gaman Ferða* og farskólastjórnar:

Þrjú hótél - mismunandi verð og mismunandi herbergjafjöldi á hverju fyrir sig.

Innifalið: flug með sköttum, 20 kg innritaður farangur, lítill handfarangur samkvæmt skilmálum WOW air, gisting í 3 nætur, morgunverður, akstur til og frá flugvelli (í boði farskólans), kynnisferð um Dublin á leið frá flugvelli auk árshátíðar.

Verð:

Hótel A eða B (4 stjörnu hótel)

Verð á mann í tvíbýli: 129.900 kr / Verð á mann í einbýli: 129.900 + 70.000 kr

Hótel C (3 stjörnu hótel)

Verð á mann í tvíbýli: 108.900 kr / Verð á mann í einbýli: 108.900kr + 49.000 kr.

Tímabil: Þriðjudagur 11. – föstudagur 14. september 2018 , með kost á því að framlengja.

Þar sem WOW Air er lággjaldaflugfélag þá veita þeir hópum minni þjónustu en þekkist hjá dýrari flugfélögum. Þar af leiðandi kom það í hlut farskólastjórnar að safna staðfestingargjaldinu fyrir hótel og flugi og greiða til *Gaman Ferða* sem sáu um að útteila því á rétta staði. Þetta leiddi til aukins umstangs fyrir farskólastjórn sem og gjaldkera félagsins. Þar sem þessi vinna er mikil (og öll unnin á kvöldin og um helgar) og þar sem það munar í raun yfirleitt ekki það miklu á verði á milli t.d. Icelandair og WOW vill farskólanefnd benda komandi nefndum á að vera óhrædd við að taka dýrara tilboðinu.

Skráning á farskóla hófst þann 30. janúar og var lokadagur skráningar þann 28. febrúar. Þegar lokað hafði verið fyrir skráningu og innheimtu staðfestingargjalds var lokið hófst skipting þátttakenda í herbergi. Í byrjun mars var unnið að herbergjaskipan og var farin sú leið að hafa samband við þá sem eitthvað vafamál var með.

Farskólastjóri gerði sér grein fyrir að stuttur tími væri til stefnu til að finna hentug hótel fyrir allan hópinn enda eru hótel í Dublin oft bókuð ár eða lengur fram í tímann. Hún fór strax á stúfana í lok desember-byrjun janúar, skoðaði nokkur hótel og hafði samband við yfir 20 hótel til að athuga hvort og hvenær þau væru laus í september 2018. Hún komst fljótt að því að flest hótelin voru fullbókuð í september enda voru nokkrar stórar ráðstefnur í gangi í borginni á þeim tíma. Hins vegar vildi svo vel til að laust var á O'Callaghans hótelnunum Alex, Mont Clare og Davenport og var einnig kostur að þau hótel eru rekin af sömu keðjunni og í um mínútu göngufæri hvert frá öðru. Auk þess var staðsetningin fullkomin þar sem hægt var að ganga á flest söfnin í miðborginni. Helga fór og hitti þáverandi viðburðastjóra hótelsins og fékk að skoða öll hótelin, herbergi, sali ofl. Ákvað farskólanefnd í sameiningu að þetta yrðu hin bestu farskólahótel og var beðið um að taka frá herbergi og sal fyrir árhátíðina á þessum tíma og leitast eftir tilboði frá hótelnunum. Farskólanefnd ákvað að best væri að fá *Gaman Ferðir*

til þess að halda utan um hótelin og voru þau beðin um að taka þessi hótél inn í ráðstefnupakkann. Hins vegar var sá hængur á, að greiða þurfti hátt staðfestingargjald til hótelsins til þess að festa tímasetningarnar og þurfti farskólanefnd að leita til FÍSOS um að fá lán fyrir staðfestingargjaldi að upphæð 550.000 kr.

Undirbúningur dagskrár

Hafist var handa strax í byrjun febrúar að setja sig í samband við söfnin til að óska eftir því að sérfræðingar þeirra myndu taka á móti hópnum. Sendur var staðlaður tölvupóstur til þeirra safna sem farskólastjórn ákvað að væru þess virði að skoða og fá að vita meira um. Einnig var óskað eftir ákveðnum tíma- og dagsetningum því stjórnin hafði gert uppkast að því hvernig heimsóknirnar myndu raðast best saman. Helga reyndi að heimsækja sem flesta sem haft var samband við til þess að kynna viðkomandi og auka þannig möguleika þess að hópurnir fengi viðtökur fagmanna innan safnanna og innsýn í starfsemina fremur en hefðbundna túristaleiðsögn. Það skipti afar miklu máli í skipulagi þessa farskóla að farskólastjóri bjó í nágrenni Dublin og hafði tengsl inn í safnasamfélagið þar. Flest söfnin tóku mjög vel í að taka á móti hópnum og var greinilegt að almennt var írskt safnafólk spennt að hitta íslenska kollega. Söfnin voru einnig afar örlát og buðu hópnum að koma ókeypis í heimsóknirnar, fyrir utan tvær stofnanir. Einnig náðist að semja við *The Guinness Storehouse* um að lækka hefðbundinn aðgangseyri fyrir hópa úr 22 evrum á mann niður í 8 evrur. Fólst því gífurlegur sparnaður í þessum tveimur liðum sem nefndin hafði áætlað að yrði veglegur kostnaðarliður.

Árshátíðin var að sjálfsögðu rúsínan í pylsuendanum en undirbúningur hennar hófst snemma samhliða öðrum undirbúningi. Ákveðið var að hafa lifandi tónlist og skemmtiatriði yfir borðhaldi. Sarah May Rogers var fengin til að sjá um tónlistina og fá dansara til að koma og sýna nokkur írsk dansspor. Farskólastjórn fékk Ármann Guðmundsson, fornleifafræðing hjá Þjóðminjasafni Íslands til að aðstoða sig við skemmtunina enda vanur þegar kemur að undirbúningi árshátíða. Tók hann að sér að sjá um spurningaleik með írsku ívafi og aðstoða farskólastjóra við fjöldasöng sem hlaut góðar undirtektir. Að loknu borðhaldi tók plötusnúðurinn Ian Richards við stjórninni og sá til þess að farskólanemar dönsuðu langt fram á nótt.

Stundaskrá - Farskóli FÍSOS í Dublin 2018

| | Priðjudagur 11. sept (bls. 4) | Miðvikudagur 12. sept (bls. 11) | Fimmtudagur 13. sept (bls. 25) | Föstudagur 14. sept (bls. 33) |
|-------------------------|---|---|---|--|
| Fyrir hádegi | 06:20 Flug frá KEF 10:05 Koma til Dublin 11:00-14:45 Útsýnisferð um Dublin | 9:00-10:00 Fyrirlestur í Alex Hotel: Gina O'Kelly formaður IMA (bls. 11) 10:30-13:00 Skipulagðar safnaheimsóknir 1 NMI - Archaeology (bls. 12) 2 NMI - Natural History (bls. 13) 3 Epic-The Irish Emigration Mus. (bls. 14) 4 National Gallery of Ireland (bls. 15) 5 Chester Beatty Library (bls. 16) 6 National Photographic Archive og Gallery of Photography (bls. 17) | 9:30-13:00 Skipulagðar safnaheimsóknir 1 Little Museum of Dublin og Grand Lodge of Ireland (bls. 26) 2 Dublinia og Dublin Castle (bls. 27) 3 NMI - Archaeology (bls. 28) 4 Book of Kells & The Old Library (bls. 29) 5 Temple Bar Gallery + Studios og Royal Hibernian Academy (bls. 30) 6 Tenement Mus.-14 Henrietta St. (bls. 31) | 7:45 Tékká út af hóteli 8:45 Akstur á flugvöll 11:45 Brottför frá Dublin |
| Hádegi kl. 13-14 | | | | |
| Eftir hádegi | 14:45 Innritun á hótél 15:30-18:00 Skipulagðar safnaheimsóknir 1 Epic-The Irish Emigration Mus. (bls. 5) 2 GPO Witness History (bls. 6) 3 Hugh Lane Gallery (bls. 7) 4 Science Gallery Dublin (bls. 8) 5 National Gallery of Ireland (bls. 9) | 14:00-16:30 Skipulagðar safnaheimsóknir 1 Kilmainham Gaol (bls. 18) 2 Irish Museum of Modern Art (bls. 19) 3 Irish Film Institute (bls. 20) 4 NMI - Safnfræðsla (bls. 21) 5 NMI - Forvarsla (bls. 22) 6 NMI - Sýningar (bls. 23) 16:30-18:45 Heimsókn á sýningu The Guinness Storehouse (bls. 24) Frjáls tími um kvöldið | Söfn að eigin vali | 14:00 Koma til KEF |
| Kvöld | Frjáls tími um kvöldið Val (skránning): Dublin Literary Pub Crawl Hópur A leggur af stað kl. 18:15 (bls. 10) Hópur B leggur af stað kl. 18:45 (bls. 10) | Frjáls tími um kvöldið | 18:00-01:00 Árshátíð FÍSOS í sal O'Callaghan Alex Hotel (bls. 32) | |

Dagskrá í farskóla í Dublin og textar frá hópstjórum

Priðjudagur 11. september 2018

Heildardagskrá dagsins 11. sept.

06:20 Flug frá KEF

10:15 Koma til Dublin

11:00-14:45 Útsýnisferð um Dublin

Farið verður til Malahide þar sem hægt verður að fá sér hressingu í Avoca kaffihúsinu. Fólk getur gengið að kastalanum og skoðað umhverfi hans. Lagt verður af stað í skoðunarferð í tveimur rútum með leiðsögumönnum um Dublin á leiðinni að hóteli.

14:45 Mæting við hótelið – innritun hefst kl. 15:00.

O'Callaghan Mont Clare, 1-4 Merrion Street Lower

O'Callaghan Davenport Hotel, 8-10 Merrion Street Lower

O'Callaghan The Alex, 41-47 Ferrian Street

Safnaheimsóknir frá kl. 16:00 – 18:00

Hópur 1: Epic-The Irish Emigration Museum

Hópur 2: GPO Witness History

Hópur 3: Hugh Lane Gallery (Dublin City Gallery)

Hópur 4: Science Gallery Dublin

Hópur 5: National Gallery of Ireland - Áhersla á safnfræðslu og viðburði

Val: 18: 15 / 18:45 (2 hópar) Dublin Literary Pub Crawl

Kvöldverður á eigin vegum

Lending og fyrsta stopp

Hópurinn lenti á flugvellingum í Dublin rúmlega kl. 10 að staðartíma. Beið farskólastjóri spennt eftir hópnum í móttökusalnum og útteildi farskólagögnum. Einnig beið þreyttum ferðalöngum samlokur, vatn og súkkulaði við komuna. Þar sem innritun á hótelin gat ekki hafist fyrr en kl. 15:00 hafði verið skipulögð rútuleiðsögn um Dublin þangað til. Leiðsögumenn voru þeir Alex og Des . Eftir tæknilega örðuleika í annarri rúttunni og plássleysi fyrir farangur þá var vel þegið stopp við Malahide kastala þar sem farskólanemar gátu keypt sér hádegisverð, skoðað kastalavæðið og verslaði í versluninni. Frá Malahide kastala var farið í leiðsögn um Dublin og komið að hótelnunum kl. 14:45.

Guðrún frá *Gaman Ferðum* samdi við hótelin um hrað-innritun þannig að herbergislyklar voru tilbúnir í umslagi fyrir hvert herbergi og farskólanemar þurftu ekki að framvísa kreditkortum/passa í afgreiðslu hótelsins eins og við hefðbundna innritun. Þetta sparaði tíma og auðveldaði hópnum að komast hratt inn á herbergi.

Eftir að farskólanemar voru búnir að koma farangri fyrir á herbergjum sínum var lagt af stað í fyrstu safnaheimsóknirnar en mæting var kl. 16:00 á fimm söfn þann dag.

Heimsókn í EPIC - The Irish Emigration Museum (hópur 1)

Þriðjudagur 11. september 2018 kl. 16:00

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

EPIC-The Irish Emigration Museum var stofnað árið 2016. Þar er fjallað um sögu brottfluttra Íra í gegnum aldirnar. Það er einstakt við EPIC að þar er nánast eingöngu nýtt stafræn tækni þegar kemur að miðlun á sögunni. Sýningin er kjörin fyrir alla sem vilja fá góða heildaryfirsýn á hvernig menningarsögu Íra er gerð skil með nýstárlegum hætti. Nathan Mannion, sýningarstjóri EPIC, mun taka á móti hópnum, ganga um sýningarrýmið og segja meðal annars frá gerð og tilurð sýningarinnar.

Fjöldi í hóp: 28

Hópstjóri: Jóhanna Viggósdóttir

Texti frá hópstjóra

Nathan Mannion, sýningarstjóri EPIC, tók á móti hópnum og ráðlagði okkur að byrja á að skoða safnið og hitti okkur síðan aftur eftir klukkutíma í fyrirlestrarsal. Nathan afhenti okkur vegabréf sem hægt var að stimpla í hverjum sýningarsal. Vegabréfið sýndi kort af safninu með 20 sýningarsölum og efni þeirra. Það var áhugavert að skoða hvernig stafræn tækni er nýtt á fjölbreyttan hátt til að miðla sögunni.

Nathan var með góða kynningu á starfsemi safnsins. Safnið er í einkaeigu, Neville Isdell er stofnandi safnsins og eigandi byggingarinnar. Þetta er stafrænt safn “the world’s only fully digital museum”. Mikið lagt í tæknina.

Gagnvirk sýning. Safn um fólk, 300 sögur af brottfluttum Írum. Safn án safngripa. Aðsókn að safninu er að aukast en það eru aðeins 2 ár síðan það opnaði. Starfsmenn um 50. Svið sem snúa m.a. að sýningum, safrænni markaðssetningu, upplýsingatækni, hönnun, fjármálum og safnbúð. Fjölbreytt samstarf. Menntun: skólaheimsóknir á öllum stigum. Barnvænt safn. Mikil tengsl við samfélagið.





“Docklands community”. Einnig tengsl við Evrópu.

Spurt var um safnkostinn varðandi upptökur. Engin stefna er til um stafræna tækni á Írlandi. Myndbönd voru gerð þar sem um var að ræða raunverulegar frásagnir og leikið efni. Ein úr hópnum var nýbúin að fá staðfestingu á írskum uppruna með DNA prófi og var því sérstaklega áhugasöm um sýninguna.

Rætt var um merkingu heiti safnsins sem er tvíþætt: Epic – epískur / EPIC= Every Person is Connected.

Þetta var mjög skemmtilegt og áhugavert safn og fengum góðar móttökur. Það verður þó að játast að margir voru þreyttir eftir ferðalagið á fyrsta degi heimsóknarinnar til Dublin.

Heimsókn í GPO Witness History (hópur 2)

Þriðjudagur 11. september 2018 kl. 16:00

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Aline FitzGerald sýningarstjóri mun ganga með farskólanemum um sýninguna og fjalla m.a. um tilurð og bakgrunn, uppsetningu og starfsemi sýningarinnar.

Sýningin fjallar um sjálfstæðisbaráttu Íra með áherslu á orsakir, aðdraganda og afleiðingar páskauppreisnarinnar árið 1916. Sýningin sjálf er til húsa í the General Post Office sem lék stórt hlutverk í uppreisninni. Gestamiðstöð GPO Witness History hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir sýningarhönnun og miðlun. Hlutu þau m.a. Micheletti verðlaunin frá European Museum Academy sem veitt eru þeim söfnum sem miðla sögu, iðnaðarsögu og vísindum á skapandi hátt. GPO Witness History er ein af yngstu sýningum

borgarinnar og hefur verið afar vel tekið frá opnun. Sýningin nýtir tæknina til að gera upplifun gesta sem mesta og svo þeir upplifi sögu páskauppreisnarinnar árið 1916 með augum þeirra sem voru á staðnum.

Fjöldi í hóp: 19

Hópstjóri: Steinunn María Sveinsdóttir



Texti frá hópstjóra

Þriðjudaginn 11. september heimsóttu 19 íslenskir safnmenn GPO Witness History sem staðsett er í aðalpósthúsbyggingu írsku póstsins, *The General Post Office*, í Dublin. Húsið er háreist og tilkomumikið, og það að þeir sögulegu atburðir sem miðlað er á safninu, hafi m.a. átt sér þar stað hefur frá upphafi heimsóknarinnar áhrif á upplifun gesta sýningarinnar. Á safninu er páskauppreisninni árið 1916 og eftirmálum hennar gerð skil og var hún opnuð árið 2016, þegar 100 ár voru liðin frá uppreisninni. Á móti hópnum tóku John Horgan sölu- og markaðsstjóri GPO Witness History og Ciara starfsmaður safnsins. Aðalsýningin er í kjallara hússins og fengu safnmenn leiðsögn frá John og Ciara, þar sem þau sögðu frá gerð sýningarinnar og páskauppreisninni í stuttu máli. Mikið er notast við tækni í sýningunni; frásagnir eru sýndar á sjónvarpsskjám, ýmsan fróðleik má finna á snertiskjám og á stóru kvikmyndatjaldi er sýnd stuttmynd um páskauppreisnina, sem gerður var góður rómur að.

Almennt var hópurinn ánægður með tæknina í sýningunni og hvernig hún er notuð. Textarnir á snertiskjánum eru hæfilega langir en þeir eru margir og ljóst að fróðleikspyrstir gestir geta varið dágóðum tíma á safninu. Kvikmyndatjaldið brýtur upp rýmið og þótti útfærsla þess vera vel heppnuð.

Engu var til sparað við gerð sýningarinnar og kostaði hún um 7 milljónir evra, sem greiddar voru af írsku ríkinu og *An Post*, írsku póstinum. Vel þykir hafa tekist til við að miðla sögunni án þess að taka afstöðu með einum hópi umfram öðrum en málefnið er viðkvæmt og nauðsynlegt að nálgast það af virðingu. Ekki er mikið af upprunalegum gripum frá páskauppreisninni á sýningunni og hefur verið farin sú leið að búa til eftirlíkingar af m.a. vopnum og klæðnaði. Á veggjunum eru margs konar dreifiblöð prentuð á veggina en þau eru eins og gefur að skilja ekki upprunaleg og í raun er safnkostur GPO Witness History mjög rýr. Ýmsar spurningar vöknudu hjá íslenskum safnmönnum vegna þessa, þ.e.a.s. hvort að það skipti ekki gestina máli að mikið af því sem væri á sýningunni væri ekki ekta og hvort ekki hafi komið til greina að fá lánaða safngripi frá írsku Þjóðminjasafninu en þar eru varðveittir allnokkrir gripir frá páskauppreisninni. Málið hefur verið rætt en ekkert verið ákveðið og engar formlegar viðræður átt sér stað. Að sögn starfsmanna safnsins hefur ekki borið á kvörtunum frá gestum vegna þessa. Sýningin hefur hlotið virt evrópsk safnaverðlaun og nýtur mikilla vinsælda en um 300.000 gestir heimsækja safnið á ári.

Heimsókn í Hugh Lane Gallery (Dublin City Gallery) (hópur 3)

Þriðjudagur 11. september 2018 kl. 16:00

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Jessica O'Donnell, sviðstjóri fræðslu og miðlunar, mun taka á móti hópnum og segja frá starfsemi þessa merkilega safns sem hýsir jafnt eldri sem yngri safnkost listaverka borgarinnar.

Sir Hugh Lane, stofnandi safnsins, hélt fyrstu sýningu á írskri list árið 1904 í London. Hann var mikill listaverkasafnari og frumkvöðull á því sviði á Írlandi. Safnið eignaðist fyrst allra safna á Bretlandseyjum verk eftir impressjónista. Safnið hefur því frá upphafi lagt áherslu á söfnun módernískrar og samtímalistar. Árið 1998 eignaðist safnið vinnustofu Francis Bacon sem hann starfrækti í London. Vinnustofan var tekin niður,skrásett og sett aftur upp í safninu.

Fjöldi í hóp: 21

Hópstjóri: Kolbrún Ýr Einarsdóttir

Texti frá hópstjóra

Jessica O'Donnell, sviðstjóri fræðslu og miðlunar tók á móti hópnum og byrjaði kynningu sína í listkennsluherbergi safnsins þar sem haldin eru námskeið fyrir börn og unglinga. Hún fór stuttlega yfir sögu safnsins sem stofnað var árið 1908 af Sir Hugh Lane sem var listsafnari og bar mikla ástríðu fyrir írskri list og kynningu hennar innanlands og utan. Safnið var fyrsta nútímalistasafn Írlands og er eitt það

elsta í heiminum.



Safnið er rekið af Dublin City Council og fær sitt fjármagn þaðan, að auki sem þau reiða sig mjög á velunnara safnsins og sitt nærsamfélag. Á næstu árum verður mikil uppbygging í nágrenni safnsins og mun þar meðal annars opna borgarbókasafn Dublin ásamt fleiru og verður þetta því menningarmiðja Dublin. Stjórn safnsins bindur miklar vonir við þessa uppbyggingu og að hún vænki hag safnsins.

Jessica O'Donnell ræddi um stefnu þeirra í fræðslumálum sem er vel mótuð og skýr. Þau vinna með nærumhverfi sínu, jaðarhópum, skólum í nágrenninu og virðast ná vel til síns nærsamfélags.



Fræðslustofa og listkennsluherbergið var vel útbúið tækjum og gaman að sjá.

Safneign þeirra telur um 2000 verk, að auki sem safninu var ánaðnað heimildasafn og vinnustofa listamannsins Francis Bacon árið 1998.

Vinnustofan var flutt í heild sinni frá London til Dublin og sett upp rykkorn fyrir rykkorn (bókstaflega) og opnuð almenningi í Dublin árið 2001. Hópnunum fannst virkilega gaman að sjá vinnustofuna og hversu vel uppsettar allar upplýsingar voru og

auðvelt aðgengi fyrir alla hópa.

Að lokum voru aðrar sýningar safnsins skoðaðar og “The Stained Glass Room” sem vakti mikla lukku með gullfallegum verkum Harry Clarke.



Heimsókn í Science Gallery Dublin (hópur 4)

Þriðjudagur 11. september 2018 kl. 16:00

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Science Gallery var stofnað árið 2008 sem tilraun til að brúa bilið á milli vísinda og lista. Með starfsemi sinni vildu þau leysa úr læðingi þá sköpun sem býr innan þessara oft ólíku heima og hvetja ungt fólk til að afla sér þekkingar í gegnum áhugamál sín. Sýningar SG hafa fjallað um samtímalist, vísindi og fjölbreyttar kenningar um framtíðina, allt frá hugmyndum um framtíð mannkynsins til framtíð leikja. Í SG koma saman listamenn, vísindamenn, hönnuðir, uppfinningamenn, frumkvöðlar og fleiri. Megináherslan er á viðburði og upplifanir sem gera gestum kleift að taka þátt og komast í félagsleg tengsl við aðra.

Ian Brunswick, fagstjóri miðlunar og viðburða mun taka á móti hópnum og segja frá þessu nýstárlega og frumlega galleríi sem staðsett er á háskólasvæði Trinity College Dublin og skapast þar með enn meiri tengsl

við mennta- og vísindasamfélagið. Eftir heimsóknina er kjörið að ganga um fallett háskólasvæðið og kíkja jafnvel á Douglas Hyde Gallery sem er þar skammt frá.

Fjöldi í hóp: 21

Hópstjóri: Þóra Björk Ólafsdóttir

Texti frá hópstjóra

Science Gallery í Dublin var sett á laggirnar árið 2008 í einni af byggingum Trinity College í Dublin. Var það hugsað sem lifandi tilraunastarfsemi þar sem ætti að bræða saman sköpunargleði og uppgötvanir með hjálp vísinda og lista. Science Gallery er ætlað að höfða til ungs fólks, að það læri með því að ýta undir áhugahvöt þeirra, er markhópur stofnunarinnar að mestu 15 -25 ára, en þó ættu flestöll aldursbil að hafa áhuga á því sem þarna fer fram. Sýningar eru settar á laggirnar með hjálp sérfræðinga á hverju sviði fyrir sig, sótt er í rann vísindamanna, fræðimanna, háskólastúdenta, listamanna, hönnuða, uppfinningamanna, frumkvöðla og ýmissa hugmyndaríkra einstaklinga, en í hverri sýningu er alltaf einhver vísindafokus og listafokus. Brennidepill starfseminnar er að vera með dagskrá sem leyfir gestunum að upplifa og prófa og ýta undir félagsleg tengsl. Markmiðslýsing (e. mission) Science Gallery er „Where Science and Art Collide“ eða í lauslegri þýðingu: *Þar sem vísindin og listin rekast á.*

Frá opnun þess hefur meira en þrjár milljónir gesta heimsótt galleríið og sett upp 43 sýningar sem eru mjög ólíkar að toga og spanna vítt svið en árlega fá þau um 400.000 gesti. Stofnunin er hluti af Global Science Gallery Network sem er sett á laggirnar af og er ekki rekin í hagnaðarskyni og fær fjármagn sitt frá ýmsum aðilum, bæði meðstofnendum og einnig ýmsum stórfyrirtækjum sem sjá hag sinn í því að styrkja svona starfsemi. Stofnunin er eins og áður sagði hluti af Trinity College og sem dæmi fjármagnar

hann stofnunina um 12% af starfseminni og Menningarmálaráðuneyti Írlands fjármagnar stofnunina um 300.000 € árlega, aðrir bakhjarlar styðja einnig. Ekki er tekinn inngöngueyrir og er það víst hluti af hugmyndafræðinni, að vera opin. Rekstrartekjur þess eru um 2,2 milljónir evra sem eru um 290 milljónir íslenskra króna. Sýningarýmið er í sjálfu sér ekki stórt, um 400 fermetrar að stærð, en það er í nokkrum rýmum.

Á móti okkur tók Ian Brunswick sem er fagstjóri miðlunar og viðburða og kynnti fyrir okkur starfsemina. Ásamt Ian sagði Gillian Roddie, fræðslustjóri Science Gallery okkur frá fræðslu-hluta starfseminnar og í lok heimsóknarinnar fengum við leiðsögn frá ungri stúlku um sýninguna, var sammerkt með öllum þessum aðilum að vera mjög áhugasöm og drífandi og var afskaplega faglega staðið að heimsókninni að öllu leyti. Áður en við komum á staðinn var ég búin að undirbúa fjöldann allan af spurningum með þá reynslu í pokahorninu að oft væri erfitt að fá íslenska þátttakendur til þess að spyrja eftir kynningar af því tagi sem við áttum von á, en það var alls ekki raunin, fólk var afskaplega áhugasamt um starfsemina.

Sýningin sem var uppi þegar við heimsóttum var *Life at the Edges*, sú fjallaði um líf á jaðri hins byggilega heims, hvernig lífverur lifa af skilyrði við ystu mörk, sjá:

<https://dublin.sciencegallery.com/ledges/>

Í Science Gallery er starfsfólk með ýmis konar bakgrunn, sem dæmi eldfjallafræðingur, vísindamenn, margir með bakgrunn í fjölmiðlun og miðlun ýmiskonar, en sammerkt er með vinnu við sýningarnar, að starfsmennirnir sjálfir eru aldrei þeir

sérfræðingar sem veita sérfræðiþekkingu sína við gerð sýninganna, alltaf er einnig leitað á önnur mið hvað það varðar.

Það er ljóst að ekki er um safn að ræða og heldur ekki hefðbundinn sýninga/gallerí-rekstur heldur um einhvern nýjan bræðing um að ræða. Engin safneign er til staðar en gallerið hefur fengið safngripi að láni frá söfnum, meðal annars til farandsýninga.

Í sýningum hefur verið tekið á margskonar ólíkum viðfangsefnum allt frá hönnun, ofbeldi, ást og tilfinningum ásamt því að skoða framtíð mannkyns. Í viðbót við hefðbundnar sýningar þá eru annars konar viðburðir einnig í boði, sem dæmi fyrirlestrar og málþing þar sem sama leiðarljós er haft í heiðri við skipulag þeirra og við sýningarnar sjálfar. Margar sýninganna verða að farandsýningum og er það snar þáttur í starfseminni, þó verður að taka það fram að sökum þess að margar sýninganna taka á umdeildum viðfangsefnum, þá eru margar sýningar sem eru eingöngu sýndar innanhúss, sem dæmi um sýningu sem slíka er *Trauma* <https://dublin.sciencegallery.com/trauma/>. Snerist sú sýning um að skoða hvernig áföll hafa áhrif á heilann, líkamann, samfélagið og samspil þessa alls. Hvernig endurspeglast áföll



í list og hönnun og hvernig jafnar maður sig eftir áföll. Ásamt starfsfólki Science Gallery tóku m.a. prófessor í taugasálfræði og listsýningastjóri þátt í gerð þeirrar sýningar. Önnur sýning sem ekki fór á flakk var innsetningarsýningin, *I Wanna Deliver a Dolphin* eftir listamanninn Ai Hasegawa <https://dublin.sciencegallery.com/growyourown/iwannadeliverdolphin%E2%80%A6/>. Greiðslur fyrir sýningar eru af ýmsu tagi, að sögn lans allt frá einum þjóð uppí 10.000 €, ef sýningin er til dæmis afrakstur rannsókna prófessors í Trinity College þá er það talið vera hluti af hans starfi að taka þátt í starfsemi Science Gallery og því ekki greitt sérstaklega fyrir.

Til að ákveða hvaða sýningar eru settar upp er Science Gallery með starfræktan hóp sem kallast Leonardo-group, í honum eru starfsmenn ásamt ýmsum öðrum sérfræðingum og hagsmunaaðilum, en hugmyndirnar koma víða frá og til eru dæmi að hugmyndir að sýningum eru ansi langt komnar þegar starfsfólk áttar sig á að dæmið gengur ekki upp. Fannst mér skína í gegn í kynningu lans að ákveðinn auðmýkt væri fyrir viðfangsefnum og ef að tilganginum með uppsetningu sýningarinnar yrði ekki náð

væri betur heima setið en af stað farið.



Sýningarnar ganga út á það að fá leiðsögn í gegnum þær og eins og mér skildist var það lyklatriði í

hugmyndafræðinni. Um leiðsagnir sjá svokallaðir „mediators“ sem samanstanda að ungu námsfólki sem er að læra margs konar fög í *college* (s.s. í bachelor-námi í háskóla), s.s. tónlist, veðurfræði, vísindi ýmis konar eða listir. Er fremur mikil velta á þessu starfsfólki, mest eru þau í 18 mánuði í starfinu, en lan sagði að þetta væri erfið

vinna, þau þurfa að vera fljót að læra mikinn fróðleik utanbókar og tala stanslaust í kannski 40 mínútur, og taka marga hópa á dag.

Science Gallery býður einnig uppá viku starfsnám sem er hluti af írsku skólakerfinu fyrir 15/16 ára gamla krakka og nú eru um 10 vikur í boði á ári og munu þau taka á móti allt að 200 krökkum þetta árið. Science Gallery nýtur góðs af þessu samstarfi því talað var um mikið magn af tölfræðiefni sem verður til í þessu samstarfi sem kemur stofnuninni að góðum notum.

Í upphafi starfseminnar heyrðust nokkar gagnrýnisraddir í garð hennar, því fólk vissi ekki fyrir hvað hún stóð, er þetta vísindastofnun? Eða listastofnun? En fljótlega áttaði bæði lista- sem og vísindasamfélagið á því hvaða möguleikar felast í því að komast uppúr sílóunum og fara í þverfaglegt samstarf.



En nú hefur rómur þessa bræðings lista og vísinda farið víða og hafa fleiri Science Gallery verið sett upp, í London, Melbourne, Bengaluru á Indlandi, í Fenejum og í Detroit auk þess sem fleiri staðir eru í farvatninu. Áhugavert verður að fylgjast með hvort að Science Gallery á hverjum þessara staða nái að halda sjálfstæði sínu og frumleika við þessa útrás.

Heimsókn í National Gallery of Ireland - Áhersla á safnfræðslu og viðburði (hópur 5)

Þriðjudagur 11. september 2018 kl. 16:00

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

National Gallery of Ireland var stofnað árið 1854 og er því um að ræða rötgróna stofnun í írsku samfélagi. Safnið er staðsett í glæsilegu húsnæði þar sem mætast bæði eldri og yngri byggingarstílar. Segja má að það sé táknað fyrir safneignina enda á safnið allt frá elstu málverkum Írlands sem og fjöldan allan af nýlegum verkum.

Sinead Rice safnfræðslustjóri mun segja frá afar fjölbreyttu fræðslustarfi safnins. Lögð er áhersla á að fara út fyrir veggja safnins með samstarfsverkefni tengd fræðslu. Fræðsludeild safnins hefur t.d. verið í samstarfi við félagasamtök og hið opinbera um verkefni tengd geðheilbrigði og atvinnuleysi. Einnig er lögð áhersla á að ná til þeirra íbúa Írlands sem ekki komast til Dublin með því að vera með fyrirlestra um efni sýninga safnins vítt og breitt um landið.

Fjöldi í hóp: 22

Hópstjóri: Ólöf Breiðfjörð

Texti frá hópstjóra

Hópnum sem var kominn á staðinn til að fræðast um fræðslumál var fyrst boðið í stutta leiðsögn um nýuppgerða bygginguna, sagt frá sögu safnins og áherslur þegar kom að endurbótum og breytingum.

Fræðsluteymi National Gallery hélt að þessu loknu kynningar á starfi sínu sem voru í alla staði vel unnar og fræðandi. Yfirmaður fræðsluteymisins, Sinead Rice, hóf kynninguna með yfirgripsmiklu erindi um starfið og sagði meðal annars frá því hvernig þau tóku á móti hópnum á meðan á endurbótum stóð en almenningur hafði mikinn áhuga á því ferli. Hún lagði áherslu á að fræðslan væri ekki endilega tengd sýningum heldur væri



fræðslan fræðslunnar vegna sem er áhugavert í ljósi þess að söfn á Íslandi nota yfirleitt sýningar sem grunn að fræðslu.

Nokkrir liðir fræðsludagskrár safnsins sem einstaka verkefnastjórar kynntu:

- Fjölskyldustundir eru haldnar á sunnudögum og umsjónarmaður fjölskyldudagskrár og lagði áherslu á mikilvægi þess að fjölskyldur gætu komið á hverjum einasta sunnudegi í smiðjur.
- Pop-up tales er dagskrá sem miðar að því að kynna verk sem eru minna þekkt, dagskráin tekur aðeins 30 mínútur og er ókeypis.
- Samvinna við listaháskólann er með því móti að nemendur spila í sölum þar sem aðrir nemendur eru að mála eftir verkum og gefur safninu líflegt andrúmsloft og ungu fólki færi á að koma fram annarsstaðar en í skólaumhverfinu sínu.
- Mikilvægt þykir að brjóta niður múra með því að bjóða uppá óhefðbundna dagskrá s.s. popptónleika, naglastúdíó (!) ofl.
- Sagt var frá að safnið væri að leita leiða til að ná til hópa sem ekki kæmi venjulega í safnið t.d. hreyfihamlaðra.
- Skóladagskráin er mjög stór liður í fræðslunni og reynt með ýmsum ráðum að ná líka til þeirra skóla sem ekki komast auðveldlega en þá er farið með fræðslu inn í skólana. Ógerlegt þó að ætla að ná öllum inn á hverju ári en til að ná þeim fjölda sem þau þó ná eru leiðsögumenn í verktakavinnu sem koma inn til og því ekki á herðum fræðsluteymis að taka á móti öllum hópum.

Hópurinn var mjög ánægður með móttökurnar og þetta gaf okkur innsýn í hvernig svona stór stofnun nær að sinna fræðsluhlutverki sínu á svo góðan hátt en um leið minna okkur á að þetta er ógerlegt nema með stórum hópi af starfsmönnum og verktökum.

Miðvikudagur 12. september 2018

Heildardagskrá dagsins 12. sept.

FYRIR HÁDEGI

Kl. 9:00: "Remembering the past, looking to the future" í fyrirlestrasal the Alex hotel.

Gina O'Kelly, formaður The Irish Museums Association (IMA), heldur fyrirlestur um stöðu írskra safna og framtíðarsýn.

Safnaheimsóknir fyrir hádegi

Hópur 1: National Museum of Ireland – Archaeology

Hópur 2: National Museum of Ireland – Natural History

Hópur 3: Epic-The Irish Emigration Museum

Hópur 4: National Gallery of Ireland -Sýningar og safneign

Hópur 5: Chester Beatty Library

Hópur 6: Ljósmyndahópur: National Photography Archive og Gallery of Photography

Hádegismatur á eigin vegum kl. 13:00-14:00

Safnaheimsóknir eftir hádegi

Hópur 1: Kilmainham Gaol

Hópur 2: Irish Museum of Modern Art (IMMA)

Hópur 3: Irish Film Institute

Hópur 4: National Museum of Ireland – Safnfræðsla

Hópur 5: National Museum of Ireland – Forvarsla

Hópur 6: National Museum of Ireland – Sýningar

16:30/16:45-18:30—The Guinness Storehouse. Farskólanemum er boðið í Guinness Storehouse.

Kvöldverður á eigin vegum

FYRIR HÁDEGI

Miðvikudagur 12. september 2018 kl. 9:00

Lýsing á fyrirlestri, texti úr dagskrá:

“Remembering the past, looking to the future” í fyrirlestrasal the Alex hotel.

Gina O’Kelly, formaður The Irish Museums Association (IMA), heldur fyrirlestur um stöðu írskra safna og framtíðarsýn. Í fyrirlestri sínum mun Gina fjalla um safnalandslagið á Írlandi í sögulegu samhengi og segja frá helstu breytingum og áskorunum innan fagsins. Hún mun einnig kynna fyrir farskólanemum stefnumörkun IMA fyrir árin 2018-2021 og fara yfir hvernig samtökin ætla að vinna að því að ná þeim

markmiðum sem þar koma fram meðal annars með sterkri samstöðu, rannsóknarvinnu og metnaðarfullri símenntunarstefnu.



Heimsókn í National Museum of Ireland-Archaeology (hópur 1)

Miðvikudagur 12. september 2018 kl. 10:30

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Dr. Nessa O'Connor fornleifafræðingur mun taka á móti farskólanemum og veita innsýn í starfsemi og sýningar safnsins. Hún mun leggja sérstaka áherslu á gripi safnsins sem tengjast fornöld og fram yfir miðaldir. Einnig verður í heimsókninni tækifæri til að ræða stefnu safnsins varðandi varðveislu og sýningar á fornminjum.

Fjöldi í hóp: 17

Hópstjóri: Ármann Guðmundsson

Texti frá hópstjóra

Dr. Nessa O'Connor fornleifafræðingur á Þjóðminjasafni Írlands tók á móti hópnum í anddyri safnsins, kynnti sig og dagskránnu fram undan. Ráðgert var að labba í gegnum elsta hluta sýningarinnar og taka svo kaffi og umræður á eftir.

Nessa leiddi okkur í gegnum hluta sýningarinnar sem er með elstu gripum sem fundist hafa á Írlandi.

Aðallega var staldrað við gullgripi frá Bronsöld og tímabilið þar sem kristni var að ryðja sér til rúms á Írlandi. Eftir röltið um sýninguna var okkur stefnt inn í hliðarsal þar sem beið okkar kaffi og kruðerí en þar gafst mikilvægt tækifæri til þess að ræða við Nessu um starfsemi safnsins.

Þjóðminjasafn Írlands hefur dregið úr umsvifum sínum á fornleifamarkaði og sinna nú

Þjörgunnarrannsóknunum ýmiskonar sem og rannsóknarverkefnum sem fornleifafræðingar safnsins standa að. Safnið stendur ekki í stórum fornleifafræðilegum uppgröftum lengur. Þarna eru viss líkindi milli höfuðsafna á Íslandi og Írlandi fyrir utan að Þjóðminjasafn Íslands stundar enga fornleifauppgræfti lengur en Þjóðminjasafn Írlands sinnir bæði litlum þjörgunnarrannsóknunum og sínum eigin uppgröftum.



Lagaumhverfi fornleifarannsóknna er áþekkt milli Íslands og Írlands, þ.e á Írlandi ber Þjóðminjasafnið ábyrgð á varðveislu og aðgengi að gögnum úr fornleifarannsóknunum og leyfishöfum ber að skila gögnum, eftir þar til gerðum stöðlum, til Þjóðminjasafnsins. Safnið er með stórar geymslur nálægt flugvöllinum en þar leigir safnið stórt hús en þangað ber að skila öllum gögnum úr leyfisskildum fornleifarannsóknunum. Starfsmenn safnsins uggandi yfir því að leigja húsnæðið þar sem eigandinn hefur lýst því yfir að

hann vilji fremur sjá aðra starfsemi í húsinu heldur en geymslur Þjóðminjasafnsins. Enn aftur veruleiki sem hópurinn þekkti vel.

Umræðan snerist svo að ferli leyfisveitinga til fornleifarannsóknna á Írlandi og hvaða hlutverki Þjóðminjasafn Írlands gegndi í því. Þjóðminjasafnið fer yfir og metur allar leyfisumsóknir á grundvelli gagnasöfnunnar og varðveislu á þeim.

Safnið stýrir aðgengi að fornleifafræðilegum gögnum sem það varðveitir og hægt að sækja um aðgang að gögnunum með því að fylla út beiðni. Einn af 6 fornleifafræðingum sem vinna við safnið starfar nánast eingöngu við það að fara yfir slíkar beiðnir en töluverð fjölgun hefur átt sér stað hvað varðar beiðnir að mannbeinasafninu. Þetta er eitthvað sem starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands kannast vel við.

Tekin var mynd af hópnum og kvöddum við Nessa og þökkuðum hennar kærlega fyrir heimsóknina og umræðurnar. Fólk fór svo að skoða þær sýningar safnsins sem Nessa fór ekki með okkur á.

Heimsókn í National Museum of Ireland-Natural History (hópur 2)

Miðvikudagur 12. september 2018 kl. 10:30

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Matthew Parkes, doktor í jarð-og steingervingafræði, mun halda stuttan fyrirlestur um starfsemi Náttúruminjasafnsins, stöðu þess eftir fjárhagskreppuna 2008, vanda við forvörslu, geymsluúrræði og

framtíðarsýn. Eftir fyrirlesturinn mun Matthew ganga með farskólanemum um safnið, segja nánar frá skipulagi þess og svara spurningum.

Fjöldi í hóp: 15

Hópstjóri: Ingibjörg Áskelsdóttir

Texti frá hópstjóra

Það var vel tekið vel á móti okkur og við leidd inn í fundarsal þar sem að við fengum ca. 30 mínútna kynningu á safninu frá DR. Matthew Parkes og samstarfsmanni hans Pablo. Húnsæði safnsins uppfyllir



ekki nútíma brunavarnir og eru því tvær af fjórum hæðum safnsins lokaðar, svalir sem er stórkostlegt að upplifa. Vonast safnið til þess að fá fjármagn á allra næstu árum til þess að byggja við safnið sem að mundi þá breyta þessu. Til þess að auka sýnileika fer safnið með mikið að sýningum út fyrir veggja þess, t.d. á bæjarskrifstofur, í skóla, og á stærri samsýningar. Einnig lánar það gripi úr safneigninni á önnur söfn. Okkur sagt frá nýjum geymslum sem teknar voru í notkun fyrir örfáum árum, og eru í gamalli

raftækjaverksmiðju fyrir utan borgina. Að frásögn lokinni skoðuðum við svo safnið undir þeirra leiðsögn, og byrjuðum á fjórðu og efstu hæðinni sem lokuð er almenningi. Safnið var stofnað 1857 og ber þess merki að vera „safn um safn“ Gríðarlega fallegt og fallega upp sett, handskrifaðar merkingar o.s.frv. Ætti eiginlega að friða það eins og það er. Dublinarbúar kalla safnið: The dead Zoo. Við tókum sérstaklega eftir því hvað safnið er óhreint, mikið ryk á öllu og gler matt af óhreinindum. Í miklum snjóleysingum sl. vetur lak einnig glerþakið, og bera nokkrir sýningarskápar þess merki. Matthew fullvissaði okkur um að öll spendýrin hefðu farið í yfirhalningu á sl. sex árum og unnið væri með það áfram. Manni heyrðist svona á öllu að beðið væri eftir viðbyggingu og þá yrði allt tekið í gegn, hreinsað og lagfært. Stórkostlegt safn sem hópurinn hafði gaman af að skoða, mjög góðar og vel undirbúnar móttökur og hin besta heimsókn í alla staði.



Heimsókn í Epic-The Irish Emigration Museum (hópur 3)

Miðvikudagur 12. september 2018 kl. 10:30

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

EPIC-The Irish Emigration Museum var stofnað árið 2016. Þar er fjallað um sögu brottfluttra Íra í gegnum aldirnar. Það er einstakt við EPIC að þar er nánast eingöngu nýtt stafræn tækni þegar kemur að miðlun á sögunni. Sýningin er kjörin fyrir alla sem vilja fá góða heildaryfirsýn á hvernig menningarsögu Íra er gerð skil með nýstárlegum hætti. Nathan Mannion, sýningarstjóri EPIC, mun taka á móti hópnum, ganga um sýningarrýmið og segja meðal annars frá gerð og tilurð sýningarinnar.

Fjöldi í hóp: 24

Hópstjóri: Jóhanna Bergmann

Texti frá hópstjóra

Nathan Mannion, senior curator, tók á móti hópnum og hélt kynningu á safninu í fundarsal. Hann úrskýrði starfsemina þannig að hún snúist um upplifun, fræðslu, tengslarakningu, söfnun upplýsinga og frásagna um Íra sem hafa flust af landi brott og afkomendur þeirra.

Safnið er sögusafn sem spannar sögu síðustu 1.500 ára. Það er einkarekin stofnun sem ekki starfar í ágóðaskyni. Á staðnum er einnig önnur sjálfstæð stofnun; Irish Family History Centre, sem stundar rannsóknir og fræðslu um ættakningu og erfðir.




Sýningunni er skipt í 4 yfirþemu: Fólksflutninga,

hvata, áhrif og tengsl. (Migration, motivation, influence, connection). Undirþemu er nokkur og fyllir sýningin 20 hvelfingar í 200 ára gamalli vöruskemmu við bakka árinna. Húsið er friðað og ekkert er veggfest á sýningunni. Upprunalega gólfíð er undir gólfinu sem sýningin og gestir standa á. Sá hluti sýningarinnar sem ekki stendur á gólfinu hangir niður úr loftinu úr grindum sem hægt að fjarlægja, ásamt gólfinu, þegar sýningin verður tekin niður og er þá byggingin nánast ósnert eftir.

Gestir fá í hendur EPIC vegabréf sem hægt er að stimpla í hverju rými og þannig safna stimplum í gegnum sýninguna.

Sérsýningarrými er til staðar með breytilegum sýningum.

Safnfræðsla er í boði fyrir skóla. Yfirleitt er heimsókn sniðin þannig að skólahópur fær leiðsögn um sýninguna í klukkutíma og má svo skoða á eigin vegum. Einnig er í boði að taka smiðju aftan við leiðsögn



og er hópurinn þá á staðnum í tvo og hálfan tíma þar sem námskeið er í einn og hálfan tíma. T.d. er forritunarnámskeið í boði. Ein smiðjan snýst um ferðatöskur og farangur fólks á útleið. Börnin þurfa að nota vísbendingar í farangrinum til að finna út hvaða Íri á útleið á hvaða tösku. Skólahópar greiða fyrir þjónustuna.

Nathan nefndi að sem einkastofnun hefði safnið frelsi til að fjalla um viðkvæm málefni og til að túlka og tjá efnið að vild.

Í gildi er þróunaráætlun til ársins 2021. Markmiðið er að uppfæra upplýsingar, einkum tölfraeði, í gegnum tímabilið. Einnig er ætlunin að bregðast við endurgjöf og tryggja gæði upplifunar gestanna með auknum fjölda þeirra.

Starfsemi felst meðal annars í samvinnu við nærsamfélagið, viðburðum sem ætlaðir eru íbúum í kring, þ.m.t. fræðsluviðburðir, fyrirlestrar og þátttaka í hátíðum. Safnið er með sagnfræðing í rannsóknarstöðu (in residence). Safnið stendur fyrir söfnunardögum. Þá er tekið á móti gestum sem hafa sögu að segja og koma með gripir sem tengjast sögunni. Gripirnir eru

ljósmyndaðir og sögurnar teknar upp. Stafrænu efni er safnað, gripirnir sjálfir haldast í fórum eigenda sinna. Safnið safnar ekki ápreifanlegum hlutum og engir slíkir eru til sýnis.

Að lokinni kynningu spunnust umræður, m.a. um hversu sýnilegt Ísland væri sem áfangastaður Íra utan Írlands. Víkingatíminn kemur fyrir í sýningunni en Ísland er ekki sýnt sem áfangastaður Íra. Nathan grínaðist með að afsaka mætti það með því að fæst fólkið frá Írlandi hefði flust sjálfviljugt til Íslands.

Að umræðum loknum gekk hópurinn í gegnum sýninguna á eigin vegum og fór fólk mishratt í gegn. Allt efni sýningarinnar er sett með ýmsum hætti margmiðlunar þar sem gagnvirkni af ýmsu tagi er sniðin inn í framsetninguna. Frekar dimmt er í sýningarsölum enda mikið um skjái.

Heimsókn í National Gallery of Ireland -Sýningar og safneign (hópur 4)

Miðvikudagur 12. september 2018 kl. 10:30

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

National Gallery of Ireland var stofnað árið 1854 og er því um að ræða rótgróna stofnun í írsku samfélagi. Safnið er staðsett í glæsilegu húsnæði þar sem mætast bæði eldri og yngri byggingarstílar. Má segja að það sé táknrænt fyrir safneignina enda á safnið jafnt elstu málverk Írlands sem og fjöldann allan af nýlegum verkum.

Dr. Adriaan Waiboer, fagstjóri safneignar og rannsókna og Andrea Lydon, fagstjóri skjala- og varðveisludeildar, munu taka á móti hópnum og segja frá starfsemi listasafnsins með áherslu á sýningarstarfsemi þess og safneignina.

Fjöldi í hóp: 21

Hópstjóri: Hlynur Hallsson

Texti frá hópstjóra

Þau sem tóku á móti okkur voru:

Adrian Viber, Anne Hodge frá Print Gallery, Donald Maguire frá samtímalistadeildinni og Andrea Lydon, sýningarstjóri.

Hjá National Gallery of Ireland eru settar upp 6-10 stórar sýningar á ári en þeim hefur þó verið að fækka vegna fjáskorts og sýningarnar eru þá lengur. Safnið skiptist í 4 sýningarhluta.

Safnið á einkum verk eftir evrópska listamenn frá 1300 til dagsins í dag. Aukin áhersla hefur verið á samtímalist að undarförnu. Gestir safnsins eru um 1 milljón árlega sem er ansi gott miðað við að íbúar Dublin eru um 4,5 milljónir.



Það er ókeypis inn á safnið nema á sérsýningar og aðeins um 4% safngesta fer á þær sýningar.

Unnið er með listamönnum á safninu og sér rými fyrir gestalistamann sem er að störfum á ákveðnum tímum og ræðir þá við safngesti. Mikið er um samvinnu við önnur listasöfn.

Á bókasafninu og í arkífinu vinna 10 manns. Þar er unnið við rannsóknir, með fyrirlestra og leiðsagnir. Í heildina var heimsóknin afar áhugaverð og spennandi að fá að heyra um starfsemi National Gallery.

Heimsókn í Chester Beatty Library (hópur 5)

Miðvikudagur 12. september 2018 kl. 10:30

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Jessica Baldwin, fagstjóri forvörslu-og munadeildar, og Jenny Siung, fagstjóri safnfræðslu munu halda erindi um starfsemi hins margverðlaunaða Chester Beatty Library og sýningar þess. Fjallað verður um tilurð og framkvæmd verkefnisins The Creative Museum, sem þær tóku þátt í fyrir hönd safnsins. Eftir fyrirlesturinn gefst farskólanemum tækifæri að ganga um safnið og skoða sýningar þess.

Chester Beatty Library er upphaflega einkasafn Sir Alfred Chester Beatty (1875 - 1968). Hann safnaði handritum, smámyndum, grafíkverkum, teikningum, sjaldgæfum bókum og listiðnaði. Verkin spanna tímabilið allt frá 2700 f. Kr til nútímans. Hápunktar sýningarinnar eru meðal annars fallega myndskreytt eintök Kóransins, egypsk handrit og evrópsk miðaldahandrit.

Fjöldi í hóp: 17

Hópstjóri: Birna María Ásgeirsdóttir

Texti frá hópstjóra

Ég var hópstjóri í heimsókninni á hið fræga Chester Beatty Library við Dublin Castle. Það tók smá tíma að ganga þangað en við náðum á réttum tíma í glaða sólskini. Jessica Baldwin, fagstjóri forvörslu-og munadeildar, tók á móti okkur og bauð okkur inn í fyrirlestrarherbergi þar sem við gátum fengið okkur



sæti. Hún hélt smá kynningu um Sir Alfred Chester Beatty en safneignin er byggð á einkasafni hans. Hann safnaði handritum, smámyndum, grafíkverkum, teikningum, sjaldgæfum bókum og listiðnaði. Fólk var duglegt að spyrja þegar hún hafði lokið sínu erindi. Til stóð að fá einnig kynningu frá Jenny Siung, fagstjóra safnfræðslu, en hópurinn vildi fá að ganga um safnið og geyma aðeins seinni

kynninguna. Það varð þó ekkert úr þessari seinni kynningu sem ég hélt að hefði ekki komið að sök, en þegar ég fór yfir kynningarefnið þá sá ég að það átti að fjalla um tilurð og framkvæmd verkefnisins The Creative Museum sem hefði verið áhugavert. Hópurinn valdi að fara beint að skoða sýningarnar og þær komu báðar með og voru til staðar ef vöknuðu upp spurningar og til að taka þátt í spjalli. Það var mjög

skemmtileg nálgun þar sem hver og einn gat spurt nánar það sem viðkom þeirra áhugasviði. Þær voru mjög opnar og leyfðu okkur alveg að stjórna ferðinni. Margir fallegir hlutir á sýningunni og áhugavert hvernig þær tengja sýninguna og fræðsluna við tilheyrandi menningarheima. Eins og á National Gallery of Ireland er mikill metnaður þegar kemur að safnfræðslunni og einnig vinnur Jenny Siung mikið frumkvöðlastarf við að virkja skóla til að nýta safnfræðsluna til að fræða börn um aðra menningu og einnig fyrir nýbúa. Virkilega skemmtileg heimsókn og allir í hópnum ánægðir að fá aðeins að stýra heimsókninni.

Heimsókn í National Photography Archive og Gallery of Photography (hópur 6)

Miðvikudagur 12. september 2018 kl. 10:30

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Hópurinn mun fara á tvo staði: annars vegar í National Photography Archive og hins vegar á Gallery of Photography, stutt er að ganga á milli þessara tveggja stofnana.

National Photography Archive, Meeting House Square

National Photography Archive er hluti af National Library of Ireland og er til húsa á tveimur stöðum í borginni: annars vegar í Temple Bar og hins vegar í National Library of Ireland við Kildare Street. Safnið varðveitir um 5,2 milljónir ljósmynda, meirihluti þeirra eru eftir írsku ljósmyndara. Stærstur hluti safnsins eru eldri ljósmyndir.

Gallery of Photography, Meeting House Square

Gallery of Photography var stofnað árið 1978 og er í dag miðstöð írskrar samtímaljósmyndunar. Tanya Kiang, safnstjóri gengur með farskólanemum um króka og kima gallerísins og spjallar um starfsemina með áherslu á fjölbreyttar sýningar þess.

Fjöldi í hóp: 15

Hópstjóri: Inga Lára Baldvinsdóttir

Texti frá hópstjóra



Við torg í Temple Bar eru þrjár stofnanir tengdar sjónrænum menningararfi Íra, ljósmyndum og kvikmyndum. National Photography Archive, Photographers Gallery og Irish Film Institute. Tekið var á móti hópnum í National Photography Archive af Elizabeth Kirwan. Safnið sem er hluti af National

Library var opnað sem sérstök deild árið 1998 og hefur að geyma 5.2 milljónir mynda. 60 þúsund gestir heimsækja safnið árlega til að skoða sýningar þess, sem eru tvær á ársgrundvelli, en 60 milljónir skoða safnkostinn árlega á netinu en hann er vistaður á Flickr. Þar eru 54 þúsund myndir aðgengilegar. Í safninu er eina sérhæfða filmugeymslan á Írlandi. Fyrir hrun voru sex starfandi við safnið en stöðugildi nú eru 1.6. Þannig að starfsemin er í raun að mestu takmörkuð við sýningarhald. Safnið gerir kröfu um að handhafar höfundarréttar myndasafna afsali sér honum til National Library við afhendingu einstakra filmusafna. Tvær konur úr sýningarteymi National Library sögðu frá nýopnaðri sýningu í safninu *From Ballots to Bullets, Ireland 1918-1919*. Þær lýstu þar skoðun sinni að ljósmyndir væru í eðli sínu ekki nógu áhugaverðar til að standa einar og sér og því hefði verið brugðið á það ráð að hafa myndir af alls kyns prentefni úr blöðum til að styrkja sýninguna. Tekið var sérstaklega fram að í fyrsta skipti væri allt sýningarefnið gert úr endurvinnanlegum eignum. Ekki var vilji til að sýna öllum hópnum geymslurnar af öryggisástæðum en fáeinir fengu að sjá starfsaðstöðuna í kjallara hússins.

Forstöðukona Gallery of Photography Tanya Kiang tók á móti hópnum þar. Sýningarskipti voru í gangi og verið að hengja upp nýja sýningu. Þetta er sjálfstæður vettvangur fyrir írska samtímaljósmyndun og rekinn af styrktar fé, en með stuðningi Dublin borgar og Arts Council. Þarna er jafnframt vettvangur fyrir ljósmyndara að koma og nýta aðstöðu í myrkaherbergi. Hópurinn var leiddur um króka og kima húsnæðisins og sagt frá sýningarstefnu en einnig af þeirri áskorun að fjármagna starfsemi sem þessa.



EFTIR HÁDEGI

Heimsókn í Kilmainham Gaol (hópur 1)

Miðvikudagur 12. september 2018 kl. 14:00

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Kilmainham Gaol er fyrrum fangelsi sem var í notkun 1796 - 1924. Heimsókn í fangelsið er áhrifarík og segir frá sögu um átök, afbrot og aftökur. Má nefna að fjöldinn allur af þeim sem börðust fyrir sjálfstæði Írlands voru hýstir þar og margir þeirra voru teknir þar af lífi. Fangelsið er í dag í umsjá OPW (Office of Public Works) sem hefur sambærilegt hlutverk og Minjastofnun.

Brian Crowley safnstjóri leiðir farskólanema um fangelsið og segir frá sögu þess og þróun. Farskólanemar fá tækifæri til að skoða sýningu um sögu fangelsisins og gripi sem bera vitni þeirri þjáningu sem raunin var innan veggja fangelsisins.

Fjöldi í hóp: 25

Hópstjóri: Anita Elefsen

Texti frá hópstjóra

Hópur 25 vaskra farskólanema heimsótti Kilmainham Gaol fangelsið í Dublin og tók safnstjórinn Brian Crowley á móti okkur.

Fangelsið opnaði fyrst árið 1796 og átti að vera föngum til betrunar. Við meðferð fanga voru kristleg gildi höfð að leiðarljósi og fékk hópurinn kynningu á sögu og starfsemi fangelsisins í kapellu þess.

Almennt fengu fangar ekki að eiga samskipti hvor við annann, enginn matsalur er í fangelsinu – heldur borðuðu þeir í einsemd í klefum sínum. Með aðskilnaði og þögn áttu fangar að nýta afplánunina til



sjálfsskoðunar, íhugunar og betrunar. Þá var mikið lagt upp úr því að konum og körlum yrði haldið algerlega aðskildum. Fangar voru þar að auki aðgreindir til samræmis við glæpi þeirra; síbrotamenn, smákrimmar, morðingjar, konur osfrv. Um tvö hunduð klefar eru í fangelsinu og var fjöldi fanga breytilegur ár frá ári. Í Kilmainham voru konur og börn meðal fanga og yngsti skráði fanginn var átta ára gömul stúlka sem var staðin að þjófnaði. Einnig voru þess dæmi að enn yngri börn hafi verið fangelsuð með foreldrum sínum. Fangelsinu var lokað árið 1910 vegna fækkunar á glæpum og föngum, það var þá í eigu breska ríkisins. Það var tekið aftur í notkun á árunum 1916 – 1924 og notað sem herfangelsi (e.

military prison).

Árið 1966 opnaði Kilmainham Gaol sem safn. Fangelsið var endurreist af sjálfboðaliðum sem flestir lögðu fram hjálparhönd í nafni föðurlandsástar. Írar sjá sögu Kilmainham ekki bara sem sögu fangelsis sem stofnunar – heldur líka sem part af sögu frelssbaráttu sinnar, því þar dvöldu margir fangar fyrir þær sakir að hafa barist fyrir frelsi Íra frá Bretum og voru jafnvel líflátnir fyrir sömu sakir.

Fanglesið sjálft, strúktúrinn, byggingin – og sögurnar sem leiðsögumenn segja, eru í raun kjarni sýningarinnar. Engir gripir eru í fangaklefum – en árið 1966 var byggð viðbygging við fangelsið, sem nú hýsir „the museum“ eða þann hluta safnsins sem varðveitir ýmisskonar gripi og skjöl. Ákveðið var að byggja sérstaka álmu til þess að sýna gripi vegna þess að aðstæður í fangelsinu sjálfu eru alls ekki góðar til varðveislu þar sem það er bæði kalt og rakt. En í safnkostinum eru ýmsir gripir úr eigu fanga, til dæmis kveðjubréf, listaverk, húsgögn úr fangaklefum ofl.

Aðsókn gesta er gríðarlega mikil. Árið 2017 heimsóttu 425.000 manns Kilmainham Gaol og fengu langflestir leiðsögn um fangelsið. Vegna mikillar aðsóknar að safninu hafa stjórnendur orðið að bregðast við með fjöldastjórnun. Þannig þurfa gestir að bóka heimsókn sína fyrirfram á vefnum, t.a.m voru allir miðar uppseldir fram til 1. nóvember þegar okkur farskólanema bar að garði þann 12. september! Eitt af stóru verkefnum sem nú blasir við er viðhald á húseigninni, sem er gríðarstór í fermetrum talið. En stjórnendur vilja reyna að halda fangelsinu í upprunalegu horfi, miðað við hvernig sjálfboðaliðar skiluðu því af sér árið 1987.

Heimsóknin í Kilmainham var mjög áhugaverð og lét engan ósnortinn. Sagan býr í byggingunni sjálfri. Í þögninni, veggjakrotinu á steinsteyptum veggjunum, í hrörlegum fangaklefum. Þegar gengið er um geta gestir reynt að gera sér í hugarlund hver aðbúnaður fanganna var, líkamlegt og andlegt ástand þeirra, og samskipti við fangaverði. Eins ber skortur á sameiginlegum rýmum vitni um það hve mikil einangrun fanganna var. Í Kilmainham fengum við að kynnast sorg, átökum, þrunga og mikilli sögu.



Heimsókn í Irish Museum of Modern Art (IMMA) (hópur 2)

Miðvikudagur 12. september 2018 kl. 14:00

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Helen O'Donoghue tekur á móti farskólanemum og kynnir starfsemi safnsins.

IMMA var stofnað árið 1990 og er fyrsta nútímalistasafnið í opinberum rekstri á Írlandi. Það er staðsett í

gömlum herspítala, byggingu frá 17. öld. Í IMMA fá gestir tækifæri til að upplifa eitthvað nýtt, deila með sér nýrri þekkingu og hugsun. Viðburðir hjá IMMA ganga út á að endurhugsa „safnið“ sem rými til þátttöku þar sem fólk tengist hvert öðru í gegnum list. Hvort sem það eru viðburðir tengdir gjörningum, tónlist, mat eða garðyrkju er gestum boðið inn í rými sem býður upp á rökræðu, innblástur og þátttöku.

Fjöldi í hóp: 25

Hópstjóri: Hlynur Hallsson

Texti frá hópstjóra

Janice Hough aðstoðarsýningarstjóri tók á móti okkur og sýndi okkur nokkrar sýningar. Safnið var stofnað 1992 með stofngjöf frá safnaranum Gordon Lambert. Í IMMA eru reknar viðamiklar gestavinnustofur, bæði fyrir staðbundna listamenn og listamenn sem koma til að dvelja í 2-6 mánuði. Við fórum á vinnustofu eins þeirra og hann sagði okkur frá verkunum sínum, kvikmynd sem hann er að vinna að og málverkum.

Við hittum einnig nokkra aðra starfsmenn sem sögðu okkur frá starfseminni.

Við fengum fræðslu um barnastarf og starf fyrir fatlaða sem þau leggja mikla áherslu á og einnig á alzheimerverkefninu “Meet me in MoMA”.

Við skoðuðum svo sýningarnar sem voru í gangi.



Heimsókn í Irish Film Institute (hópur 3)

Miðvikudagur 12. september 2018 kl. 14:30

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Kassandra O’Connell, forstjóri Irish Film Institute (IFI), tekur á móti farskólanemum segir frá starfsemi stofnunarinnar. Einnig gefst farskólanemum kostur á að skyggjast á bak við tjöldin með innliti í filmugeymsluna.

Saga Irish Film Institute er áhugaverð. Upphaflega hafði stofnunin sterk tengsl við katólsku kirkjuna þar sem stofnunin var sett á stofn af erkibiskupi Dublin árið 1945. Hlutverk IFI fyrstu áratuginna var að vinna gegn siðleysi og spillingu í kvikmynda-iðnaðinum. Með því að framleiða eigin kvikmyndir barðist IFI gegn þessum djöflum og starfsemin afar fræðslumiðuð. Um 1980 var slitið á tengsl við kirkjuna og áhersla á fræðslu um allar kvikmyndir varð að þeirra meginmarkmiði. Í dag er írskur kvikmyndaíðnaður mjög öflugur og er það eitt af hlutverkum IFI að styðja við og efla fjölbreytta kvikmyndastarfsemi landsins.

Fjöldi í hóp: 11

Hópstjóri: Þorvaldur Böðvarsson

Texti frá hópstjóra

Samkvæmt heimasíðu stofnunarinnar er Irish Film Archive hluti af Irish Film Institute og notar skammstöfunina IFI í merki sitt. Safnið var sett á stofn árið 1945 af Kaþólsku kirkjunni á Írlandi og er með starfsemi sína bæði í írsku lýðveldinu og á Norður-Írlandi. Stofnunin er til húsa í húsasamstæðu sem kallast Irish Film Centre þar sem er að finna kvikmyndahús með þrem söllum, veitingahús og bar/kaffihús í endurvinnslustíl, skrifstofur og hluta geymslurýmis kvikmyndasafnsins og vafalaust fleiri rými, sem og starfsemi sem ekki náðist að afla upplýsinga um á þeim full stutta tíma sem til reiðu var.

Forstöðumaður safneiningarinnar, Kasandra O'Connell, tók á móti hópnum og var okkur boðið inn á sameiginlega fundarstofu/skrifstofu/bókasafn starfsmanna hvar kynningin fór fram. Í upphafi gerði hún grein fyrir mótsögninni sem felst í því að stofnunin sé skilgreind sem skjalasafn en starfar í raun sem hefðbundið safn með starfsreglur ICOM að leiðarljósi. Mikil þróun hefur átt sér stað í starfseminni undanfarin ár; áður var allt efni framleitt og selt á DVD diskum en þar sem slíkt efni selst ekki lengur þá tóku starfsmenn sig til og smíðuðu sjálfir veflægan [myndspilara](#) fyrir spjaldtölvur og snjallsíma sem er aðgengilegur til niðurrhals á netinu.

Allt kvikmyndaefni sem sett hefur verið á stafrænt form hjá þeim er hægt að nálgast í gegnum þennan spilara án endurgjalds á netinu og eru myndgæðin prýðileg.

Safnið hefur fylgt hraðri þróun í kröfum til filmuskönnunar og skannar allt efni í 2k og 4k gæðum og hefur til umráða allar tegundir afspilunartækja fyrir myndefni, bæði optískt og magnetískt.

Eftir kynningu O'Connell var sýnt 20 mín myndband þar sem farið var í gegnum helstu verkefni og efnivið safnsins, þetta myndband er hægt að sjá á heimasíðu þess.



Bókavörður safnsins hafði tekið fram og stillt upp á borð nokkra athyglisverða hluti úr skjalsafninu eins og handrit, gjafabréf og áritaðar myndir eftir þekktu leikara og var gerður góður rómur að persónulegum myndum leikara, m.a. úr The Game of Thrones og Vikings (held ég).

Þróun kvikmyndagerðar og sjónvarpsnotkunar hjá Írum er um margt mjög lík því sem gerðist hérlandis; sjónvarp er þar sett á laggirnar 1961 og fyrsta innlenda kvikmyndin í fullri lengd gerð

1967 eða '68. Á Írlandi tók þó Kaþólska kirkjan kvikmyndamiðilinn í sína þjónustu nánast frá upphafi og framleiddi mikið efni tengt kirkju og trúmálum auk ýmiss annars skylds efnis, en kirkjan sú lét sér ekkert mannlegt óviðkomandi.

Að endingu var gengið um vistarverurnar, sem að hluta til eru í kjallara undir skrifstofunni og er ansi þröngt um starfsemina og vel að verki staðið að halda úti svona starfsemi við þennan húsakost. Þar var svo gengið í gegnum eina litla filmugeymslu þar við hliðina sem ekki er hita- eða rakastýrð en þá með gasslökkvikerfi. Einnig var þar stærrí geymsla með tempruðu lofti og því ekki hægt að sýna hana og til viðbótar er stór fjargeymsla fyrir filmuefni annarsstaðar í borginni.

Heimsóknin var í alla staði bæði fróðleg og ánægjuleg, gestgjafar miðluðu þekkingu sinni af einlægni og áhuga; kynningar af þessu tagi eru greinilega ekki algengar hjá þeim og naut hópurinn góðs af því að ná góðum tengslum við þær stöllur sem gáfu mikið af sér.

Heimsókn í Safnfræðsludeild National Museum of Ireland (hópur 4)

Miðvikudagur 12. september 2018 kl. 14:00

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Helen Beaumont fagstjóri safnfræðslu og Dr. Edith Andrees safnfræðslufulltrúi taka á móti hópnum, veita innsýn og bera saman mismunandi áherslur í safnfræðslu innan veggja Þjóðminjasafnins sem skipt er í fjögur söfn. Þær munu meðal annars segja frá „Freelance Panel“ safnfræðslunnar í Collins Barracks, „hands-on“ vinnusmiðjum, bera saman mismunandi áherslur í safnfræðslu innan safnanna og fleira.

Fjöldi í hóp: 11

Hópstjóri: Jóhanna Bergmann

Texti frá hópstjóra

Tekið var á móti safnfræðsluhópnum í kennslustofu/verkstæði safnfræðslunnar. Hópurinn fékk kynningu á starfseminni þar og voru fjórar starfskonur deildarinnar á staðnum.

Þjóðminjasafnið er á 4 stöðum og er Collins Barracks einn þeirra. Þar er



markvisst safnað samtímamunum. Safnað er snertigripum fyrir safnfræðsluna.

Nokkrar tölur:

Starfsfólk CB er um 50 talsins. Árið 1997 var safnfræðsla sett á fót og starfsfólk safnfræðslu var einn verkefnastjóri og tvennt almennt starfsfólk. Óx upp í tug starfsfólks í uppgangi fyrstu ára 21. aldar.

Hrapaði niður í 2 eftir hrun. Starfsfólk safnfræðslu er nú 5 talsins: 4 fulltrúar, 1 verkefnastjóri og seinna á árinu bætist við 1 ritari (sér um bókanir). Rekstrarfé er 45.000 €.

Í Collins Barracks tóku um 30.000 gestir á einhvern hátt þátt í fræðlustarfi á árinu 2017.

Nokkrir punktar:

Tvö sjá um viðburðastjórnun.

Ókeypis aðgangur er að safninu fyrir almenna gesti og einnig skólahópa.

Safnið er með listakonu sem starfar í vinnustofu á safninu (in residence). Hún styður við starfið með því að stjórna smiðjum og viðburðum fyrir almenning og skóla. Listakonan fer um alla 4 staði

þjóðminjasafnsins. Hún er með vinnustofuna í ákveðinn tíma og svo kemur einhver önnur/annar.

Kennarar bóka heimsóknir í gegnum eyðublað á heimasíðu. Deildin er með verktakahóp sem sinnir leiðsögnum. Hvoru tveggja er vinnusparandi fyrir starfsfólkið.

Deildin sendir út fréttabréf fyrir fólk sem skráir sig á póstlista. Gefin er út bæklingur með úrvali safnfræðslu og er hann sendur í skóla og menntastofnanir. Upplýsingum er komið á framfæri við skóla um allt land í gegnum fræðslumiðstöðvar í öllum landshlutum.

Hvað varðar móttöku skólahópa er verið að endurmóta heimsóknir þeirra á þá leið að meiri áhersla sé lögð á vinnustofur og hands-on frekar en leiðsögn um sýningarsali. Dæmi tekið um nýja vinnustofu fyrir skólahópa þar sem sýningarsalur er skoðaður með ýmis atriði í huga sem tiltekin eru á eyðublaði sem börnin nota við skoðunina. Börnin gera svo eigið verk til að setja upp í glugga kennslustofu. Max. 15 nem. og tekur heimsóknin 2 klst. Hefðbundnari skólaheimsóknir miða við 30 nem. hámarksfjölda.

Leiðsögnunum er sinnt af leiðsögufólki sem vinnur sem verktakar fyrir deildina (freelance).

Leiðsögufólkið er þjálfað af starfsfólki safnfræðslunnar. Það er með ólíkan bakgrunn. Það sinnir ólíkum leiðsögnum, til dæmis tekur það á móti fólk með heilabilun. Í hópnum eru 12 einstaklingar.

Áhersla lögð á að hafa snertisafn í tengslum við skólaheimsóknir því börn vilja fá að þreifa á hlutunum.

Deildin er með kistu með snertigripum sem sett var saman af safnaráðgjafa.

Deildin er með veflægt fræðsluefni með kennsluleiðbeiningum sem kennarar geta nýtt í kennslu.

Viðburðahluti deildarinnar bryddar upp á ýmsum gerðum viðburða svo sem opnun viðburðum, „Hands-on history sessions“, fjölskylduviðburðum, sérvíðburðum, viðburðum í samvinnu við önnur söfn, félag, fræðslumiðstöðvar og háskóla.

Að kynningu lokinni skoðaði hópurinn kennslustofuna og fékk prentefni sem deildin hefur gefið út.

Svo var farið um sýningarsali með starfsfólki en nokkrar ólíkar sýningar standa yfir hverju sinni og eru sumar komnar til ára sinna. Staldrað var við staði á sýningunum þar sem fræðsludeildin hefur gert afdrepp fyrir gesti til að stoppa og íhuga efnið og gera eitthvað áþreifanlegt.

Að lokum gafst tími til að skoða safnið á eigin vegum.

Heimsókn í Forvörsludeild National Museum of Ireland (hópur 5)

Miðvikudagur 12. september 2018 kl. 14:00

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Forvörsludeild safnsins heimsótt og aðstaða skoðuð, forverðir fjalla um nýjustu verkefni ofl.

Fjöldi í hóp: 14

Hópstjóri: Ingibjörg Áskelsdóttir

Texti frá hópstjóra

Dr. Karna Morton og Dr. Paul Mullarkey tóku á móti okkur í forvörslubýggingu safnsins, sem staðsett er í gömlu hesthúsi við Collins Barracks aðsetur safnsins. Þar eru hin ýmsu rými sem sérhæð eru fyrir ólíka forvörslu: pappír, textíl, forngripi, málms o.s.frv. Þar er einnig fullkomið herbergi til röntgenmyndatöku. Karna sagði okkur upp og ofan af vinnunni og m.a. að mjög fámennt sé hjá þeim núna vegna



niðurskurðar eru forverðir bara 6 í stað 15 sem þeir voru þegar þeir voru flestir. Þau höfðu greinilega undirbúið móttökuna vel og voru búin að taka fram úr geymslunni hina ýmsu gripi sem var mjög áhugavert. Okkur voru m.a. sýndar fallbyssur sem voru í afsöltun, gömul kínversk pappírsverk, smjör frá bronsöld og tvö víkingasverð sem fundust í á. Þau sögðu okkur frá forvörslu gripanna, og þeim vandamálum sem komu upp. Sýndu okkur m.a. röntgenmyndir af sverðunum tveimur, þar sem vel sést bæði uppbygging þeirra og munstur.

Vel undirbúin heimsókn, virkilega skemmtilegt og fróðlegt að koma, sjá og heyra af því sem þau eru að gera.

Heimsókn í National Museum of Ireland - Sýningar (hópur 6)

Miðvikudagur 12. september 2018 kl. 14:00

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Dr. Audrey Whitty fagstjóri listiðnaðardeildar safnsins heldur erindi um stöðu sýninga í Collins Barracks. Eftir fyrirlesturinn mun Audrey ásamt samstarfsfólki ganga um safnið og fjalla meðal annars um ólíkar nálganir og oft erfiðar aðstæður við sýningagerð á safninu.

Fjöldi í hóp: 25

Hópstjóri: Hrönn Konráðsdóttir

Texti frá hópstjóra

Stór hópur af farskólanemum mætti í Collins Barracks eftir hádegi miðvikudaginn 12. september 2018 og fékk hluti þeirra höfðinglegar móttökur í Decorative Arts and History deildinni. Þar tók Dr. Audrey Whitty safnvörður á móti okkur og leiddi okkur í fyrirlestrasal þar sem hún hélt mjög áhugaverðan fyrirlestur um stöðu sýninga á þeirra sviði. Ræddi hún um hvernig uppsetning

sýninga hjá þeim gengur fyrir sig og hvaða sýningar eru í gangi. Auk þess fór hún yfir það hvernig boðleiðirnar við sýningaruppsetningar eru. Þá sýndi hún umsóknareyðublað sem safnverðir, eða aðrir, jafnvel utan stofnunarinnar geta fyllt út ef þeir hafa hugmynd að sýningu. Þar er tiltekið hvaða efni þurfi, hversu mikið hún kosti, hvort þörf sé á forvörslu fyrir gripi og þar fram eftir götunum. Að lokum fór hún á hundavaði yfir allar sýningarnar sem eru nú í gangi enda er safnið mjög stórt og margar sýningar í gangi á hverjum tíma.

Þvínæst bauð hún okkur að skipta okkur í þrjá hópa sem fengu að skoða mismunandi sýningar eftir áhugasviði. Í boði var að skoða sýningu helgaða sjálfstæðisbaráttu Íra með Brendu Malone, geymslusýninguna og Kínversku sýninguna með Audrey Whitty eða kjólasýninguna með kollega þeirra úr forvörsludeildinni.



Sagan á bak við geymslusýninguna var mjög áhugaverð. Deildin þurfti að losa eina geymsluna í húsinu og ákveðið var að gera sýningu með öllum gripum úr geymslunni. Settir voru upp geymsluskápar í annað rými sem var laust og gripunum komið fyrir þar með því að mynda röð starfsfólks og beinlínis handlanga

þá yfir. Þá var skápunum lokað með gleri. Þar var margt að sjá, glermunir, kristall, postulín auk kínverskra



og japanskra muna. Gríðarlegt magn af munum og engin leið að skoða þá á svona stuttum tíma en gaman að sjá slíka magnsýningu og innlit inní geymslur. Audrey tjáði okkur að listnemar hafi sérstaklega gaman af sýningunni og nýta sér hana við listsköpun. Þvínæst hlupum við við fót í gegn um hinar sýningarnar og að Asísku sýningunni sem státar af sjaldgæfu heilu safni veggteppa sem eru allir úr sama Tíbeska klaustrinu. Kjólasýningin var sett upp í tímaröð og var margt fallegra gripa þar, en þó er ætlunin að

taka niður hluta sýningarinnar þar sem kom í ljós að sýningaskáparnir sem eru glersívalningar eru ekki hentugir. Bæði glampar mikið á þá hvar sem gestir standa og erfitt er fyrir hreyfihamlaða að komast á milli þeirra. Sýningin sjálfstæðisbarátta Íra var áhrifamikil og sátu farskólanemar sumir eftir með þungt fyrir hjarta eftir að hafa fengið leiðsögn um hana.

Heimsókn í The Guinness Storehouse

Miðvikudagur 12. september kl. 16:30/16:45-18:30

Lýsing á heimsókn:

Í lok dags var farskólanemum boðið í The Guinness Storehouse. Þar var gengið í gegnum sýningu um bruggun þessa fræga drykks og að lokum stóð þreyttum og ef til vill þyrstum nemum til boða að smakka hann. Um leið var hægt að njóta fallegs útsýnis yfir Dublin sem skartaði sínu fegursta þennan dag.

Fjöldi í hóp: 111

Fimmtudagur 13. september 2018

Heildardagskrá dagsins 13. sept.

Safnaheimsóknir fyrir hádegi frá kl. 9:30

Hópur 1: Little Museum of Dublin og Grand Lodge of Ireland

Hópur 2: Dublinia og Dublin Castle

Hópur 3: National Museum of Ireland– Archaeology

Hópur 4: Book of Kells & The Old Library

Hópur 5: Temple bar Gallery & Studios og Royal Hibernian Academy

Hópur 6: Tenement Museum: 14 Henrietta Street

Frjáls tími til safnaheimsókna að eigin vali eftir hádegi!

18:00—01:00: Árshátíð FÍSOS - Hotel Alex

Heimsókn í Little Museum of Dublin og Grand Lodge of Ireland (hópur 1)

Fimmtudagur 13. september kl. 9:30

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Little Museum of Dublin var stofnsett árið 2011. Lögð áhersla á popp-menningu og ein af grunnsýningum safnsins fjallar t.d. um U2. Safnið er þekkt fyrir lifandi nálgun, jafnt í sýningargerð sem í leiðsögnum. Jesse Carley aðstoðarmaður safnstjóra segir frá upphafi safnsins og starfsemi þess. Hann mun ganga með farskólanemum um sýningarnar og segja frá því sem fyrir augu ber.

Grand Lodge of Ireland eru höfuðstöðvar frímúrara á Írlandi. Um er að ræða stórfengleg en jafnframt óvenjuleg húsakynni. Húsið sjálft er dæmi um húsaforvörslu og hvernig ýmis mismunandi stílbrögð koma fram. Rebecca Hayes sem hefur umsjón með daglegri starfsemi Grand Lodge of Ireland mun taka á mótí hópnum og sýna farskólanemum þetta merkilega hús og salarkynni þess.

Fjöldi í hóp: 20

Hópstjóri: Helga Maureen Gylfadóttir

Texti frá hópstjóra

Jesse Carley, aðstoðarmaður safnstjóra, tók á móti hópnum og byrjaði á stuttri kynningu um sögu safnsins. Því næst leiddi hann hópinn í gengum sýningarnar.

Little Museum of Dublin var stofnað árið 2011 og leggur áherslu á poppmenningu. Upphaf safnsins má rekja til sýningar á sama stað sem kallaðist *Welcome to Dublin – Cities of a 1000 welcomes*. Safnið



heimsækja að meðaltali 200 – 250 gestir á dag og er aðgangseyrir 10 evrur á mann en ókeypis er fyrir börn. Þau hafa rætt um að hækka aðgangseyri en eru hrædd um að ef þau fara yfir 10 evrur þá snúi gestir við. Safnið er til húsa í gömlu hús frá ca. 1850 og hafa þau ekki breytt herbergjaskipan mikið. Hvert sýningarrými er því ekki stórt en ca. 15-20 manns eru í hverri leiðsögn til að það rúmist vel um alla. Á jarðhæð eru herbergi fyrir tímabundnar sýningar en þær eru að jafnaði

fjórar á ári. Safnið flytur í nýtt húsnæði á þessu ári þar sem aðgengi fyrir alla verður í fyrirrúmi. Þegar safnið var stofnað var óskað eftir gripum frá íbúum borgarinnar og telur safneignin nú um 5000 gripi, einkum myndir og skjöl. Allt veggjarpláss er vel nýtt undir ýmiskonar myndefni, skjöl eða dagblaðaúrklippur.

Þar sem þetta var ein af síðustu heimsóknum í ferðinni og nemendur farnir að þekkja vel sögu borgarinnar og Írlands þá þótti áhugavert að safnið slepti allri umfjöllun um hina „ópægilegu“ kafla í sögu Írlands, e.o. um fátækt borgarbúa í gegnum aldirnar, áhrif kirkjunnar og áhrif Englendinga í landinu. Jesse benti nemendum sérstaklega á eina mynd sem safnið fékk að gjöf frá þekktri írskri kvenréttindakonu. Konan hafði látið taka af sér sjálfsmynd þar sem hún stóð nakin í eldhúsinu sínu. Hún vildi með þessu beina athygli af því að almenningur sér aldrei nakinn líkama 70 ára konu. Safnið vildi ekki sýna myndin þar sem á meðal gesta safnsins væru ung börn og Ameríkanar (hans orð!). Gefandinn sagðist þá fara í mál við safnið. Niðurstaðan er sú að myndin hangir á veggnum en með tjald fyrir sem einungis er dregið frá í leiðsögnum. Það er skemmst frá því að segja að þessi mynd vakti einna mesta athygli gesta.

The Little Museum of Dublin er nákvæmlega það sem það segist vera: Saga Dublin á 30 mínútum. Áherslan er á poppmenningu og ljóst að leiðsögn er mikil hluti af upplifuninni þar sem leiðsögumaður setur gripina í skýrara samhengi.

Grand Lodge of Ireland

Grand Lodge of Ireland eru höfuðstöðvar Frímúrara á Írlandi en reglan hefur verið við lýði á Írlandi síðan 1725. Hús reglunnar er reist árið 1869. Það eru einungis karlmenn sem sækja fundi frímúrara í Dublin en einhverjar kvenstúkur er að finna á Írlandi. Rebecca Hayes, sem hefur umsjón með daglegri starfsemi hússins, tók á móti hópnum og fór ítarlega yfir sögu Frímúrara í Írlandi og svo leiddi hún okkur í gegnum hin ýmsu regluherbergi í húsinu. Þarna mátti sjá herbergi í egypskum stíl og annað sem leit út frá því að vera frá tíma Ríkharðs ljónshjarta. Húsinu er ágætlega við haldið og herbergin mörg hver óbreytt frá byggingu hússins. Þetta var hin skemmtilegasta heimsókn, innsýn inn í heim sem er mörgum ókunnugur.



Heimsókn í Dublinia og Dublin Castle (hópur 2)

Fimmtudagur 13. september kl. 10:30

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Dublinia, St Michaels Hill, Christ Church

Farskólanemar ganga um sýningu Dublinia á eigin vegum. Hópurinn hittir svo Denise Brophy, safnstjóra. Hún mun segja frá starfsemi Dublinia, sem er sögusýning um víkingaöld og samanstendur m.a. af vaxmyndum sem eiga að minna á tímabil og persónur í sögunni. Fornleifauppgröftur átti sér stað fyrir mörgum árum á svæðinu sem Dublinia stendur við og í Dublin Castle og þar fundust ýmsar minjar sem sanna búsetu norrænna manna í Dublin.

Dublin Castle, Dame St

Jenny Papassotiriou, fagstjóri fræðsludeildar, tekur á móti farskólanemum og fer með þá í lifandi fræðslu um kastalann. Dublin Castle er með mikilvægari byggingum tengdum írskri sögu. Á tímabilinu frá 1204 til ársins 1922 var þar sæti landstjóra Írlands fyrir Breta. Þann 16. janúar 1922 afhenti síðasti landstjóri Írlands kastalann til þjóðhetjunnar Michael Collins og ríkistjórnar hins nýja sjálfstæða írsku ríkis. Árið 1684 brann stór hluti af kastalanum. Enn er hægt er að sjá minjar frá víkingatímanum og miðöldum á svæði kastalans.

Fjöldi í hóp: 27

Hópstjóri: Sigurlaugur Ingólfsson

Texti frá hópstjóra

Að morgni fimmtudagsins 13. september lagði vaskur hópur safnamanna af stað í göngu í þeim erindagjörðum að heimsækja annars vegar sýninguna Dublinia og hins vegar Dyflinnar kastala.

Dublinia er sýning sem var opnuð 1993. Í fyrstu var kastljósið aðallega á miðalda sögu Dyflinnar, en síðar kom til sögunnar sýning um víkingaöld sem náði miklum vinsælum. Dublinia er til húsa í byggingu sem áður tilheyrði Kristis kirkju. Við komuna á Dublinia tók á móti hópnum leiðsögumaður sem fór með hópinn um fyrsta hluta af sýningunni, er snýr að víkingaöld og síðasta hluta sýningarinnar; sem er jafnframt nýjasta viðbótin og byggir á líkamsleifum tveggja persóna, annars vegar „Gunnars“ frá víkingaöld og „Möggu“ frá miðöldum. Tímans vegna var sleppt hluta af sýningunni sem fjallaði um miðaldir. Leiðsögumaður hópsins var mjög áhugasöm um sýninguna, og eflaust mjög von í að fara leiðsaganir með írsk skólabörn; en áttaði sig kannski ekki alveg á í fyrstu hver markhópurinn hennar var í þetta sinn, þ.e. íslenskir safnamenn. Eftir leiðsögnina hitti hópurinn Denise Brophy sem fjallaði í erindi sínu um Dublinia, sögu þess og framtíð. Meðal annars kom fram í máli hennar ánægja með að Dublinia er sjálfseignarstofnun, en eftir efnahagshrunið 2009 hefur verulega þrengt að menningarstofnunum á Írlandi. Þetta frelsi og sjálfstæði gefur Dublinia því meiri möguleika á að víkka út starfsemi sína og að þróa áfram sýninguna. Jafnframt kom fram að gestir sýndu nýjustu viðbót sýningarinnar mestan áhuga, þ.e. Gunnars og Möggu. Víkingaaldar hlutinn er ágætlega heppnaður, þar er blandað saman texta og innsetningum með gínum; auk endurgerð verkfæra og hluta. Sýningin gefur góða innsýn inn í líf á víkingaöld í Dyflinni; án þess þó að vera mjög fræðileg; enda það ekki endilega tilgangur hennar.

Næst var ferðinni heitið í Dyflinnar kastala. Kastalinn er í raun fremur höll en kastali; en hann er að stofni til frá um 1000. Írar tengja hann einkum við yfirráð Breta á Írlandi; enda sátu landsstjórar Breta þar lengst af. Þar tók á móti hópnum Jenny Papassotiriou. Hún leiddi hópinn m.a. um elsta hluta kastalans, sem er eins konar



neðanjarðar sýning. Íslenski hópurinn fékk svo frjálstan tíma til að skoða hluta af kastalanum, en að því loknu gafst smá tími í spjall. Jenny hafði áætlað sér mikla hluti með hópnum, út frá safnafræðslu sjónarhorni, en tíminn reyndist of knappur til að leysa þær þrautir sem hún hafði í byrjun sett hópnum.

Heimsókn í National Museum of Ireland – Archaeology (hópur 3)

Fimmtudagur 13. september kl. 10:00

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Dr. Nessa O'Connor fornleifafræðingur mun taka á móti farskólanemum og veita innsýn í starfsemi og sýningar safnsins. Hún mun leggja sérstaka áherslu á gripi safnsins sem tengjast fornöld og fram yfir miðaldir. Einnig verður í heimsókninni tækifæri til að ræða stefnu safnsins varðandi varðveislu og sýningar á fornminjum.

Fjöldi í hóp: 10

Hópstjóri: Anna Lís Rúnarsdóttir

Texti frá hópstjóra

Átta farskólanemar mættu í heimsókn á safnið þennan dag. Dr. Nessa O'Connor, fornleifafræðingur við safnið, tók höfðinglega á móti þeim og kynnti sýningar og starfsemi safnsins.

Safnið var stofnað á síðari hluta 19. aldar og er sýningin í gömlu friðuðu húsu, sem setur sýningastarfsemi ákveðnar skorður. Mjög var þó vandað til byggingarinnar á sínum tíma og litið svo á að hún væri einnig til sýnis. Sýningarnar eru nokkrar, gerðar á mismunandi tímum, en gengið út frá því að skipulag hennar sé í tímaröð. Nýjar sýningar eru settar upp af og til, en einnig er eitthvað um að skipt sé út gripum í yfirstandandi sýningum, t.d. ef markverðir nýir gripir finnast. Allir sýningaskápar eru klimat-stýrðir, en lýsing er ýmist hengd upp í grind fyrir ofan skápana eða höfð inni í skápunum. Textum er oft komið fyrir á veggjum, en skápar standa frekar á miðju gólfi.

Safnið hefur það hlutverk, svipað og Þjóðminjasafn Íslands, að taka á móti öllum jarðfundnum gripum sem finnast á Írlandi. Lög um slíkt hafa verið í gildi frá tíunda áratug síðustu aldar. Starfsfólk safnsins (5 fornleifafræðingar) sinnir öllum tilkynningum um fundi og framkvæmir könnunaruppgröft eftir þörfum. Einnig kemur starfsfólk að umsóknarferli fyrir leyfi til fornleifauppgrafter, í samvinnu við Heritage Council. Sé þörf á fornleifarannsóknum í tengslum við framkvæmdir, sjá einkafyrirtæki um það, en slíkt fyrirkomulag hefur verið við gildi frá ca. 1985. Safnið getur ákveðið að fela minjasöfnum varðveislu á forngripum sem finnast í þeirra héraði, ef um hversdagslega fundi er að ræða. Þá eru 12 minjasöfn víða um landið sem uppfylla skilyrði um lán á gripum.

Reglur og leiðbeiningar um fornleifamál, sem og ýmsar stefnur safnsins er að finna á vefsíðu þess:

<https://www.museum.ie/Corporate-Media/Corporate-Information/Policies-Guidelines>

Árið 2005 var skipuð stjórn yfir safnið sem skipuð var 16 manns, en því hefur nú verið breytt og sitja 10 í stjórn. Áður heyrði safnið beint undir ákveðna deild hjá ríkinu. Fornleifafræðisafnið er aðeins eitt af

fjórum söfnum sem eru hluti af National Museum of Ireland. Öll stoðþjónusta er sameiginleg fyrir þessi söfn, t.d. forvarsla og ljósmyndun. Geymsluhúsnæði safnsins er einnig sameiginlegt með hinum söfnunum og er í langtímaleigu. Ekki margir starfsmenn hafa starfsstöð í geymslunum, en á hverjum tíma eru e.t.v. 2-4 starfsmenn á staðnum.

Á Írlandi hefur verið sett á laggirnar viðurkenningarferli (e. *accreditation*). National Museum of Ireland þarf ekki að sækja um, en hefur valið að gera það. Þeirra umsóknarferli er yfirstandandi. Hægt er að sækja um mismunandi þrep viðurkenningar, en eftirlit eða eftirfylgni hefur ekki verið mjög virk.

Heimsókn í Old Library & Book of Kells, Trinity College (hópur 4)

Fimmtudagur 13. september 2018 kl. 9:30

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Book of Kells er ein mikilvægasta þjóðargræsi Írlands og eitt af merkustu handritum heims. Handritið er frá 9. öld er ríkulega myndskreytt. Árlega streyma milljónir manns til að sjá handritið á sýningunni sem staðsett er á háskólasvæði Trinity College. Einnig er að finna fjölmörg önnur handrit á sýningunni að ógleymsdu hinu stórfenglega bókasafni.

Anne-Marie Diffley, fagstjóri markaðs- og kynningarmála og Susie Bioletti, forvörslu- og varðveislustjóri munu leiða farskólanema um sýningar Book of Kells & The Old Library. Báðar hafa þær starfað lengi við stofnunina og munu miðla þekkingu sinni og reynslu með áherslu á þær breytingar sem orðið hafa með aukinni aðsókn og þær áskoranir sem af því leiðir.

Fjöldi í hóp: 17

Hópstjóri: Guðrún Jónsdóttir

Texti frá hópstjóra

Í hópnum voru 17 manns auk farskólastjóra Helgu Einarsdóttur sem var með okkur megnið af heimsókninni. Skipulagður komutími var kl. 9.30 fimmtudaginn 12. september og mættum við stundvíslega. Þau sem tóku á móti okkur voru Anne-Marie Diffley, fagstjóri markaðs- og kynningarmála og John Gillis, forvörður.

Book of Kells

Anne-Marie Diffley fylgdi hópnum í gegnum sýningarrými Book of Kells (Stundum nefnd Book of Columba (Kólumkilli)) og sagði frá handritinu, tilurð þess og sögu. Einnig sagði hún almennt frá starfsemi

háskólans sem er aldagömul stofnun og vörsluaðili Book of Kells. Bókin er talin skrifuð af munkum og hefur ritun hennar staðið yfir með hléum á árabílinu 750 til 800. Upprunalega er hún talin hafa verið í lona sem var klaustur á vesturströnd Skotlands en var færð þaðan til klausturs í bænum Kells sem er



norður af Dublin. Á 17 öld var hún svo færð til Dublin. Unnið var að ritun handritsins með hléum og var bókin fyrst og fremst hugsuð sem sýningargripur og því mikið lagt í útlit hennar, en ekki endilega nostrað við textann. Er hún fagur vitnisburður um listiðkun á miðöldum og blöð hennar eru úr kálfskinni. Alls þurfti 185 kálfa fyrir

gerð bókarinnar. Mikið er um dýratákn í bókinni enda var fólk nær náttúrunni á þessum tíma. Á 20. öld (1953) var henni skipt í fjóra hluta og eru tveir þeirra til sýnis í einu til að minnka álagið. Efni hennar eru guðspjöllin fjögur og er hún rituð á latínu. Í rýminu þar sem bókin var geymd undir gleri var stanslaus straumur fólks og kom fram í máli Anne-Marie að upphaflega hefði það verið hannað til að geta annast móttöku 250.000 ferðamanna á ári en nú væru þeir um milljón. Verið er að skoða hvernig hægt verði að fjármagna nýtt sýningarrými sem er mjög kostnaðarsamt, ekki síst vegna strangra öryggiskrafna og tæknilegra atriða svo sem stýringu hita- og rakastigs. Bókin hefur verið og er mikið rannsökuð og þykir einstök í sinni röð. Hún hefur alls verið innbundin fimm sinnum og því miður hafa upphaflegu spjöldin glatast.



Old Library

Úr sýningarrými Book of Kells var gengið upp stiga og komið inn í Old Library, sem er bókasafn háskólans. Var mikil upplifun að sjá stóra salinn þar sem bækurnar eru geymdar. Er hann á tveimur hæðum en opinn upp úr í miðju og þekja bækur allar hillur og vegg. Þarna eru geymdar um sex milljónir bóka frá 15. til 19. öld, en nýrri bækur skólans eru aðgengilegar í annarri byggingu rétt hjá. Bókasafnið er virkt til afnota, en einungis til aflestrar bóka á staðnum. Stöðugt er unnið að forvörslu og er nú búið að hreinsa um 120.000 bækur. Meðfram gangveginum eru hvítar brjóstmyndir af fræðimönnum og rithöfundum tengdum skólanum. Í rýminu er ennfremur 18. aldar írsk harpa, ein sú elsta í landinu.

Írsku harpan hefur verið þjóðarmerki Írlands síðan 1920. Bókasafnið þykir einstakt í sinni röð og hafa margar bíómyndir verið teknar þar, nefnd var m.a. myndin *The Professor and the Madman* með Mel Gibson (2016), sem er einn margra frægra gesta sem komið hafa í safnið. Ennfremur má nefna að stutt er síðan Harry Bretaprins og Meghan eiginkona hans heimsóttu staðinn.

Með öðrum störfum á bókasafninu er unnið að rafrænni afritun elstu bókana en það er tímafrekt og mikið starf eftir. Þær sem eru enn of skemmdar til að vera til aflestrar eru merktar með hvítum borðum og mátti sjá þá all víða.

Forvarsla

Þessu næst var gengið inn í fyrirlestraherbergi innst í bókasafninu og þar tók forvörðurinn John Gillis á móti okkur. Hann fór yfir forvörslustarf safnsins og var erindi hans mjög fróðlegt. Bakgrunnur hans er í handverki, hann sagði að þegar hann var að læra hefði ekki verið boðið upp á nám í forvörslu. Hann ræddi m.a. um þá dapurlegu staðreynd að margar gamlar bækur hefðu verið endurinnbundnar í gegnum tíðina og því margar upprunalegar kápur glatast. Hann ræddi líka um vandann sem felst í undirmönnun í forvörslu og lekri byggingu sem dýrt er að halda við. Ein hættan enn felst í hversu gríðarlega margir gestir sækja safnið heim. Einnig nefndi hann staðsetninguna í þessu sambandi, en Trinity College er í miðbæ Dublin og því nokkuð mikil mengun umhverfis hann. Mesta áskorunin í forvörslunni er spurningin um hvernig hægt sé að hægja á öldrun bókana og handritanna sem skólinn geymir. Önnur handrit vilja líka lenda í skugga *Book of Kells* og er því mögulega ekki sinnt sem skyldi. Handrit eru afar sjaldan lánuð annað, en þó hefur það komið fyrir, s.s. árið 2000 þegar *Book of Kells* var send til Ástralíu.

Gilles nefndi sérstaklega hvað það væri sem orsakaði þann mikla fjölda gesta sem koma í safnið en það væri að fólk vildi hafa séð hið upprunalega handrit, *Book of Kells*. Hvað það sem slíkt varðar sagði hann að upprunalega innbindingin væri ekki þekkt og að þegar bókin var innbundin á 19. öld hafi verið klippt af sumum síðunum til að þær féllu betur að bandinu. Þó var allan aldur bókarinnar vitað að hún væri gersemi, en svona getur samt gerst.

Að erindi Gilles loknu komu fram góðar spurningar og umræður.

Að lokum

Heimsókn okkar í Trinity var vel skipulögð og undirbúin og færum við farskólastjórn bestu þakkir fyrir þessa mögnuðu upplifun.

Heimsókn í Temple Bar Gallery & Studios og Royal Hibernian Academy (hópur 5)

Fimmtudagur 13. september kl. 9:30

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Temple Bar Gallery & Studios er gallerí tileinkað samtímalist en einnig eru þar vinnustofur listamanna.

Rayne Booth, sýningar-og verkefnastjóri mun veita farskólanemum innsýn í starfsemina og einnig verður innlit í vinnustofur listamanna. Galleríið var stofnað árið 1983 og í dag eru um þrjátíu vinnustofur þar sem listamenn hafa aðstöðu til listsköpunar af ýmsu tagi.

Royal Hibernian Academy

Patrick T. Murphy, safnstjóri, Ruth Carroll, sýningarstjóri og Katy Fitzpatrick, fagstjóri fræðslu og viðburða taka á móti hópnum. Þau munu kynna sögu og stefnu Royal Hibernian Academy (RHA). RHA var stofnað árið 1823 og hefur frá upphafi verið eitt af megin listasöfnum Írlands með áherslu á að kynna bæði írsku og alþjóðlega list. RHA starfar fyrir listamenn um leið og mikil áhersla er lögð á aðgengi allra að myndlist. Þar getur almenningur meðal annars sótt námskeið, sýningar og tekið þátt í umræðu um myndlist.

Fjöldi í hóp: 19

Hópstjóri: Sigurður Trausti Traustason

Texti frá hópstjóra

Michael Hill sem er tímabundið viðburðarstjóri á Temple Bar Gallery tók á móti hópnum.

Stofnunin er staðsett í miðju Temple Bar hverfinu í gamalli verksmiðjubyggingu auk þess sem



nýbygging var byggð við það á sínum tíma. Þau finna

mikið fyrir aukinni pressu varðandi húsnæðið en það

ásælast það margir vegna staðsetningarinnar. Svo þau

þurfa nokkuð að berjast fyrir tilvist sinni. Heimsóknin

hófst á leiðsögn um sýninguna sem var í sýningarsal

þeirra sem er staðsettur á jarðhæðinni. Þar sýndi írski

listamaðurin Stephen Loughman en hann er málari sem

vinnur mest með myndefni úr kvikmyndum. Þar á eftir

sáum við verk eftir Miranda Blennerhasset en hún

hefur eytt tíma á Íslandi í vinnustofu SÍM og var verk hennar innblásið af íslensku lopamynstri.

Michael leiddi okkur í allan sannleikann um starfsemi stofnunarinnar og sýndi okkur aðstöðuna. Í

byggingunni eru 30 stúdíó sem eru leigð til listamanna eftir auglýsingum. Annað hvort eru

listamennirnir í 1 eða 3 ár í senn með vinnuástöðu þarna. Starfsemin byggir mikið á samstarfi

við listamennina sem hafa þarna aðstöðu og er mikil eftirspurn eftir því að fá pláss. Stofnunin er fjármögnuð að mestu af Arts Council Ireland en þau þurfa að sækja um þangað árlega. Einnig stundar stofnunin fjáröflun sjálf. Áhugavert innlit á Temple Bar Gallery & Studios.



Á **Royal Hibernian Gallery** tóku á móti okkur Patrick T. Murphy safnstjóri, Ruth Carroll, sýningarstjóri og Katy Fitzpatrick fagstjóri fræðslu og viðburða. Ein áhugaverð tenging á milli þessara tveggja staða er að Katy Fitzpatrick starfar í 50% starfi sem fagstjóri fræðslu á þeim báðum. Nokkuð samstarf er því á milli þeirra í fræðslumálunum. RHA er rótgróin stofnun og var stofnað árið 1823. Stofnunin er

rekin af listamönnum sem eru kosnir inn og starfa í stjórn þess. RHA á ekki stóra safneign en þau urðu fyrir skelfilegum bruna þar sem mest af eldri verkum sem voru skráð í safneign glötuðust. Eins og Temple bar reka þau studió fyrir listamenn og eru með 4 pláss. Þau finna fyrir miklum þrýstingi og eftirspurn varðandi þessi pláss en bara á síðasta ári hafa 200 listamenn misst sitt vinnupláss vegna mikils uppgangs í borginni þar sem verið er að breyta mikið af byggingum og rífa til að koma fyrir nýjum. Hópurinn fékk leiðsögn um þær sýningar sem eru í gangi en RHA hefur yfir að ráða stóru og flottu sýningarrými. Þau leggja mikla áherslu á t.d að vinnu með ungum listamönnum og gefa þeim tækifæri og nota þar sýningarröð sem kallast Futures. Þar leggja þau einnig áherslu á að vinna með þeim listamönnum aftur í framtíðinni og rækta tengslin. Þau eru fjármögnuð af opinberu fé en þurfa að sækja mikið fé í einkamarkaðinn til þess að geta ræktað hlutverk sitt eins og þau vilja. Það var ekkert skafið af í neinum umræðum og hlutirnir bara sagðir eins og þeir eru. RHA starfrækir mikið og stórt fræðslustarf sem snýr að almenningi annarsvegar og listamönnum hinsvegar. Mikið af námskeiðum og vinnustofum og eru þau að vinna að því að hluti af þeim námskeiðum sem þau bjóða upp á verði viðurkennd og gildi sem hluti af háskólanámi.

Heimsókn í Tenement Museum: 14 Henrietta Street (hópur 6)

Fimmtudagur 13. september kl. 10:00

Lýsing á heimsókn, texti úr dagskrá:

Tenement Museum er sýning á húsakynnum fátæks fólks sem leigði í húsnaðinu. Húsið var byggt árið 1748 og var eitt af glæsilegum Georgian húsum sem byggð voru við götuna. Upphaflega bjó aðallinn í þessum húsum. Með tímanum þótti ekki eins aðlaðandi að búa á þessu svæði og Henrietta Street 14 er gott dæmi um hvernig fyrri húsakynnum yfirstéttar var breytt í leiguhúsnaði fátæks almúgans. Húsinu var breytt árið 1877 í leiguhúsnaði með 17 misstórum íbúðum. Mikill skortur var á leiguhúsnaði í Dublin og íbúar hússins bjuggu þröngt, í manntali frá árinu 1911 er tilgreint að yfir 100 manns hafi búið þar. Undanfarið hefur Tenement Museum gengið í gegnum mikinn ólgusjó. Safninu var lokað í nokkra mánuði vegna óvissu með rekstur þess. Auglýst var eftir nýjum safnstjóra í mars og safnið opnaði aftur með takmörkuðum aðgangi í júlímánuði. Formleg opnun er í september.

Fjöldi í hóp: 17

Hópstjóri: Heiðís Einarsdóttir

Texti frá hópstjóra

17 manna hópur heimsótti Tenement Museum-14 Henrietta Street á fimmtudeginum 13. september. Charles Duggan tók virkilega vel á móti okkur og sýndi okkur safnið en leitast er við að segja alla sögu hússins, frá fyrstu eigendum til síðustu leigjenda sem yfirgáfu húsið árið 1979.

Heilmikil vinna hefur átt sér stað að setja hluta hússins í upprunalega mynd þess, til að mynda eru



fallegar skreytingar í kverkum í loftum sem voru með yfir hundrað ára lög af málningu sem gerði það að verkum að skreytingarnar voru orðnar óljósar af mörgum lögum af málningu. Búið að var að hreinsa hluta þessara skreytinga þannig að þær komu vel í ljós og augljós munur á hvar var búið að hreinsa málningu og hvar ekki.

Miðlun sýningarinnar er til fyrirmynda, skjávarpar og frásagnir á hljóðupptökum dýpkar upplifun gesta

sýningarinnar en þessari uppsetningu er varpað á vegg og hurðir í húsinu. Á einum stað er rúm með hvítri dýnu notað til að varpa myndum á og lesið var þrungið ískt ljóð um rúm á meðan myndunum var varpað á dýnuna. Í öðru rými er áhersla á börnin sem ólust upp í húsinu. Farið var til Irish Film Institution til að fá myndir og myndbrot frá þessum tíma og leitað var til barna nútímans en þau eru enn að leika suma leiki sem börnin frá tíma Tenement House voru að leika einnig. Þarna var varpað á vegg og hurð myndum, myndbrotum og texta og í bakgrunni heyrðist samtöl barna og börn að leik, mjög sterk upplifun. Í síðasta rýminu sem okkar var sýnt var fullbúin íbúð frá tímum seinni heimstyrjaldar og var

spiluð tónlist í bakgrunni.

Í heildina var upplifun þessarar heimsóknar stórkostleg og voru allir í hópnum sammála að þetta væri fyrir flesta hápunktur Farskólans.

„Safnið var alveg einstakt, og heillandi að endurreisnar- og verndunarsjónarmiða hafi verið höfð að leiðarljósi en um leið sértækar aðferðir notaðar með það sem í raun var gert. Af þessum völdum er hægt að sjá mismunandi tímabil sögunnar um allt húsið og um leið gefið til kynna flókin andrúmsloft fyrir gesti. Ég held að þetta sé áhugavert vegna þess að það er nokkuð algengt að annaðhvort er verið að leitast við að endurnýja, endurheimta eða varðveita allt eða ekkert frekar en að einbeita sér að lykilatriðum. Þetta er mjög gott dæmi um hvað á að gera í endurreisnarverkefni án þess að fara svo langt að "kjarni" arfleifðarinnar eða rýmið sjálft glati sér.“

Joe Wallace Walser, sérfræðingur hjá Þjóðminjasafni Íslands



Árshátíð FÍSOS - Hátíðarsalur O'Callaghan Alex Hotel

Fimmtudagur 13. september kl. 18:00-01:00

Lýsing úr dagskrá:

Fordrykkur í boði FÍSOS

Þriggja rétta máltíð, tónlist og dansatriði við borðhald.

Dj Ian sér um að halda uppi stuðinu fram á rauða nótt!

Föstudagur 14. september 2018

Heildardagskrá dagsins 14. sept.

07:45—Tékka út af hóteli

08:45—Akstur í rútu út á flugvöll

11:45—Brottför frá Dublin

14:00—Koma til Keflavíkur

Styrkir og gjöld

Leitast var við að ná sem bestum kjörum í öllu sem sneri að undirbúningi farskólans án þess þó að skerða gæðin. Vorum við svo lánsamar að fá virkilega góðar móttökur frá öllum þeim söfnum sem haft var samband við og þurftum einungis að greiða aðgangseyri á tvö safnanna af þeim 27 heimsóknum sem farið var í og af því varð gífurlegur sparnaður. Einnig náði farskólastjóri að koma verði á The Guinness Storehouse sýninguna úr 22 evrum á mann niður í 8 evrur á mann og af því varð um 65% sparnaður í þá heimsókn af þeim kostnaði sem áður var áætlaður.

Prentkostnaður og annar kostnaður við farskólagögn reyndist mun ódýrari en áætlað var þar sem sú vinna fór fram á Írlandi og slíkt er mun ódýrara þar en á Íslandi. Verð veitinga reyndist einnig lægra en áætlað var.

Styrkur frá Safnaráði: 1.200.000 krónur

Inneign á farskólareikningi fyrir styrk: 884.385 krónur

Samtals: 2.084.385 krónur

| Farskóli - Dublin 2018 | | |
|--------------------------|-------------------|-----------------|
| | Raungjöld - evrur | Raungjöld - ISK |
| Árshátíð: | | |
| DJ Ian (spil og gisting) | €610.00 | 77,845kr |
| Írsk þjóðlagatónlist | €1,100.00 | 141,449kr |

| | | |
|---|---------|--------------------|
| Árshátíðarkvöldverður farskólastjóra | | 10,000kr |
| 1 drykkur á mann með mat | €835.21 | 97,631kr |
| Skreytingar | | 36,337kr |
| Skoðunarferð um Dublin: | | |
| Leiðsögumenn (x2) | €280.00 | 36,004kr |
| Veitingar f. farskólanema við komu | €486.60 | 62,894kr |
| Rútur | | 240,000kr |
| Farskólagögn: | | |
| Prentkostnaður : bæklingur og nafnspjöld, plastvasar | €507.00 | 64,021kr |
| Pennar | €169.00 | 21,578kr |
| Flutningar með farskólagögn (kassar og keyrsla) | €63.00 | 8,132kr |
| Tautöskur undir farskólagögn | €240.00 | 29,616kr |
| Aðgangseyrir/gjafir v. heimsókna | | |
| NPA og Gallery of Photography | €37.50 | 4,822kr |
| Heimsókn á Tenement Museum | €136.00 | 17,488kr |
| Gjafir til gestgjafa, súkkulaðifjöll og konfekt | | 7,660kr |
| Súkkulaðidropar | | 1,497kr |
| Ferðataska undir gjafir | | 1,995kr |
| Heimsókn á Guinness sýningu | €912.00 | 119,459kr |
| Ýmislegt: | | |
| Fyrirlestur Gina O'Kelly- leiga á fyrirlestrarsal | | 95,000kr |
| Ferðir farskólastjóra | €486.27 | 93,010kr |
| Hótelgisting farskólastjóra á flugvelli | | 29,128kr |
| Möppur fyrir skólastjóröggn | | 3,585kr |
| Leigubíll | €40.00 | 5,143kr |
| Boðsgestir í Literary pub crawl | €42.00 | 5,400kr |
| Endurgreiðsla til Gaman Ferða v. tryggingar | €330.00 | 43,903kr |
| Kostnaður v. millifærslu f. Literary pub crawl | | 1,600kr |
| Alls | | 1,255,197kr |
| Tekjur af síðasta farskóla | | 884,385kr |
| Styrkur Safnasjóðs | | 1,200,000kr |
| Alls til umráða | | 2,084,385kr |
| Eftirstöðvar fyrir næsta farskóla | | 829,188kr |
| Innistæða á farskólareikningi 8. okt 2018 | | 973,855kr |
| Óútskýrðar innlagnir inn á reikning eru 3 sem nemur mismuninum. | | |

Lokaorð

Undirbúningur farskólans var fyrst og fremst afar skemmtilegt og lærdómsríkt ferli, þó vissulega hafi hann einnig verið krefjandi og tímafrekur á köflum. Samvinna farskólastjórnar var sérstaklega ánægjuleg og gekk vel þó að samskiptin hafi að mestu farið fram í gegnum Facebook.

Það er vert að velta upp þeirri spurningu hvort farskóli erlendis eigi að vera skipulagður með því sniði sem hann hefur verið. Hvort það hópferðarfyrirkomulag farskólans, þar sem farskólastjórn skipuleggur ferðir og hótulgistingu fyrir hópinn auk dagskrár farskólans, sé besta leiðin í skipulagningu farskóla á erlendri grundu. Næsta farskólastjórn sem skipuleggur farskóla erlendis þyrfti að taka afstöðu til þessa áður en lagt er af stað í undirbúningsvinnu. Það væri hægt að haga skipulaginu þannig að hver og einn þátttakandi sér um að panta ferð og gistingu á þeim áfangastað sem farskólinn verður. Farskólanefnd myndi þá eingöngu sjá um faglegt innihald farskólans með skipulagningu dagskrár skólans og öllu sem því fylgir s.s. val á söfnum, samskiptum við starfsfólk safna sem á að heimsækja, umræðuefni hverrar safnaheimsóknar, skipulagning fyrirlestra, skráning í farskólann og allar safnaheimsóknir, hópaskipting, samskipti við hópstjóra, rútuferðir á milli staða ef þarf, prentun farskólagagna, sameiginlegan kvöldverð eða árshátíð og annað til að halda hópnum saman og efla hópanda meðal þátttakenda farskólans. Á þennan hátt myndu öll samskipti við ferðaskrifstofur og hótél hverfa af borði farskólastjórnar. Í þeim samskiptum eru ótal snúningar eins og t.d. röðun farskólanema í hótélherbergi, móttaka staðfestingargjalds hvers og eins þátttakenda vegna flugs og að standa skil á því til flugfélags, útvegum staðfestingargjalds til hótels, samskipti um framlengingu ferða stakra þátttakenda og umræðan um hvort makar þátttakenda farskólans komi með í ferðina. Utanumhald alls þessa eykur álag á farskólanefndina og það er þess virði að velta fyrir sér hvort það sé nauðsynlegt.

Neikvæðar hliðar þessara breytinga á skipulagi farskólans erlendis eru að það yrði erfiðara að skapa þann hópanda sem er stór og mikilvægur þáttur í farskóla safnmanna. Auk þess myndi skorta stuðning við þá þátttakendur farskólans sem eru óvanir ferðum erlendis.

Möguleg útfærsla á þessu væri að fá fagaðila á borð við ferðaskrifstofur eða aðra skipuleggjendur til að halda utan um flug og gistingu. Einnig væri möguleiki að gera samkomulag við eitt stórt hótél um að taka frá herbergi fyrir farskóla erlendis og gefa afslátt ef við á en farskólanemar myndu sjálfir hafa samband við hótelið til að bóka gistinguna

Ef farskólastjórn næsta farskóla erlendis kýs að halda skipulaginu eins og það hefur verið, eru hér nokkrir punktar sem gætu hjálpað til við undirbúning:

- Það er gott að hefja undirbúning með minnst 12 mánaða fyrirvara. Erfitt getur verið að útvega gistingu og fyrir hópa sem telja 100 manns eða meira með styttri fyrirvara.
- Best er að hafa fulltrúa FÍSOS reglulega með á fundum um farskólann.
- Þegar leitað er tilboða hjá flugfélögum þarf eftirfarandi að koma fram í tilboðsbeiðninni:
 - Leitað er eftir tilboði í flug og hótél fyrir allt að 120 (ef ekki tekst að fylla öll sætin falla afgangssætin niður).
 - Hversu mikill farangur er innifalinn? Hvað um forfallagjald og tryggingar?
 - Þátttakendur þurfa að geta framlengt ferðina ef þeir vilja og þau samskipti fara beint í gegnum flugfélag (ekki farskólanefnd).
 - Fer flugfélagið fram á staðfestingargjald, hvenær?
 - Það er best að það gjald sé greitt beint til flugfélagsins og fari ekki í gegnum farskólann fyrst (*Gaman Ferðir* fóru fram á að farskólanefnd skyldi safna staðfestingargjaldi frá öllum þátttakendum og greiddi svo flugfélaginu).
 - Hvenær er síðasti dagur fyrir fólk að hætta við ferð? Hverjir eru skilmálar um endurgreiðslur?
 - Sér flugfélagið um að dekkja staðfestingargjald til hótelsins, eða kemur það upp óvænt þegar líður á undirbúningstímann?
 - Hótélherbergi þurfa ýmist að vera Twin (tvö rúm) eða einstaklingsherbergi. Engin hjónarúm takk!
 - Er morgunverður innifalinn í gistingu? Er hann á e-m afmörkuðum tíma?
 - Það er langbest að allar greiðslur fyrir ferðina fari í gegnum ferðaskrifstofuna sem sér um ferðina. Við lentum í að þurfa að safna saman staðfestingargjaldi inn á reikning farskólans og millifæra heildarupphæðina fyrir ákveðinn dag. Þetta er mikið utanumhald og óþarfa stress sem gott væri að losna við. *Gaman Ferðir* fóru fram á það við okkur að við tækjum líka að okkur að safna saman heildargreiðslum þátttakenda sem við vildum ekki gera. Það er ekki sjálfsagt mál að millifæra margar milljónir á milli reikninga í heimabanka og um að gera að nýta reynslu og starfsfólk fjármálasviðs flugfélagsins í slíkt utanumhald.
 - Þegar samið er við ferðaskrifstofu þarf að biðja sérstaklega um skriflegan samning/skilmála frá skrifstofunni þar sem öll smáatriði koma fram.
- Skipulag árshátíðar:

- Fá tilboð í árshátíðarkvöldverð, drykki og fordrykk (bæði áfengan og óáfengan).
- Matseðlar fyrir árshátíðarkvöldverð (þ.á.m. grænmetisæðill/vegan).
- Leiga á sal.
- Er hljóðkerfi, dansgólf, míkrafónn í boði?
- Hversu lengi hefur hópurinn salinn og hve lengi er barinn opinn?
- Leggja þarf áherslu á að staðurinn sem verður fyrir valinu ráði við 100+ manna hópa, hafi reynslu af matreiðslu og þjónustu fyrir þessa hópastærð.
- Þegar flug, hótél og dagsetningar eru komnar á hreint er gott að senda tilkynningu á félagsmenn FÍSOS.
- Kynna þarf fyrir félagsmönnum að ferðin er pakkaferð. Það er ekki hægt að taka þátt að hluta, gista á öðru hóteli en hópurinn eða kaupa flug á hagstæðara verði osfv.
- Setja þarf upp skráningarform á vef FÍSOS þar sem fólk skráir sig í ferðina, velur herbergistegund og herbergisfélag. Tilkynna þarf um síðasta dag til að skrá sig og dagsetningu staðfestingargjalds. Senda þarf sjálfvirkta staðfestingu á skráningu á netfang hvers og eins.
 - Það reyndist vel að nota Google forms því þar er boðið upp á að keyra allar skráningar beint út í “spreadsheet”.
- Eftir skráningu þarf FÍSOS að aðstoða við að stemma af lista þátttakenda miðað við félagatal. Félagsmenn hafa forgang í ferðina – þeir sem hafa greitt árgjald eru gjaldgengir.
- Það væri langbest að drög að dagskrá farskólans væru tilbúin þegar skráning hefst.

Að taka þátt í farskólastjórn er skemmtilegt og gefandi reynsla. En það er afar mikil vinna. Það mætti taka afstöðu til þess varðandi þá sérstaklega farskóla sem haldnir eru erlendis að farskólastjórn fái einhverja umbun fyrir. Hvort sem er í formi launa, eða afsláttar á t.d. fargjöldum eða öðru. Stjórn FÍSOS er hvött til þess að taka afstöðu til þessa máls.

Okkar innilegustu þakkir til allra safnmanna sem komu saman í Dublin til að styrkja og rækta hin góð tengsl okkar íslensks safnafólks.

Takk fyrir okkur!

Farskólanefnd 2018,

Helga Einarsdóttir, Hlín Gylfadóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir.



Viðauki- listi yfir þátttakendur

| | | |
|----|------------------------------|--|
| 1 | Agnar Jónas Jónsson | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 2 | Alma Sigrún Sigurgeirsdóttir | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 3 | AlmaDís Kristinsdóttir | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 4 | Andrea Þormar | Nemi í safnafræði |
| 5 | Anita Elefsen | Síldarminjasafn Íslands |
| 6 | Anna Einarsdóttir | Þjóðminjasafn Íslands |
| 7 | Anna Friðbertsdóttir | Listasafn Reykjavíkur |
| 8 | Anna Leif Elíóóttir | Þjóóminjasafn |
| 9 | Anna Lía Guómundsdóttir | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 10 | Anna Lía Rúnarsdóttir | Þjóóminjasafn Íslands |
| 11 | Anna Sofía Kristjánsdóttir | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 12 | Auóur Harpa Þórsdóttir | Listasafn Íslands |
| 13 | Ágústa Rós Árnadóttir | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 14 | Ármann Guómundsson | Þjóóminjasafn Íslands |
| 15 | Ásdís Þórhallsdóttir | Listasafn Reykjavíkur |
| 16 | Áslaug Guórunardóttir | Listasafn Reykjavíkur |
| 17 | Beata Brodowska | Minjasafn Austurlands |
| 18 | Benjamín Kristinsson | Byggóasafn Húnvetninga og Strandamanna |
| 19 | Birna María Ásgeirsdóttir | Borgarsögusafn Reyjavíkur |
| 20 | Björg Einarsdóttir | Minjasafnió Bustarfelli |
| 21 | Drífa Kristín Prastardóttir | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 22 | Edda Halldórsdóttir | Listasafn Reykjavíkur |
| 23 | Edda Kristín Björnsdóttir | Minjasafn Austurlands |
| 24 | Elín Guójónsdóttir | Listasafn Íslands |
| 25 | Elísabet Gunnarsdóttir | Listasafn ASÍ |
| 26 | Elsa Guóný Björgvinsdóttir | Minjasafn Austurlands |
| 27 | Finnur Ingimarsson | Náttúrufræóistofa Kópavogs |
| 28 | Freyja Hlíókvist Ómarsdóttir | Þjóóminjasafn Íslands |
| 29 | Geróur Róbertsdóttir | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 30 | Gígja Rós Þórarinsdóttir | Reykjanesbær - Duus Safnahús |

| | | |
|----|--------------------------------|-------------------------------------|
| 31 | Gísli Helgason | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 32 | Gróa Finnsdóttir | Þjóðminjasafn Íslands |
| 33 | Guðmundur D. Hermannss. | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 34 | Guðmundur Ólafsson | Þjóðminjasafn Íslands |
| 35 | Guðrún Helga Stefánsdóttir | Borgarsögusafn |
| 36 | Guðrún Jónsdóttir | Safnahús Borgarfjarðar |
| 37 | Halldór Óli Gunnarsson | Safnahús Borgarfjarðar |
| 38 | Halldóra Jónsdóttir | Meningarmiðstöð Hornafjarðar |
| 39 | Hanna Hlíf Bjarnadóttir | Listasafn Íslands |
| 40 | Hanna Rósa Sveinsdóttir | Minjasafnið á Akureyri |
| 41 | Haraldur Þór Egilsson | Minjasafnið á Akureyri |
| 42 | Heiðar Hrafn Halldórsson | Hvalasafnið á Húsavík |
| 43 | Heiðís Einarsdóttir | Þjóðminjasafn Íslands |
| 44 | Helga Einarsdóttir | Farskólastjóri |
| 45 | Helga Jósefína Hallbergsd. | Sagnheimar, byggðasafn |
| 46 | Helga Maureen Gylfadóttir | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 47 | Helga Vollertsen | Þjóðminjasafn Íslands |
| 48 | Helga Þórsdóttir | Byggðasafn Vestfjarða |
| 49 | Helgi Máni Sigurðsson | Borgarsögusafn |
| 50 | Hjördís Pálsdóttir | Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla |
| 51 | Hlín Gylfadóttir | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 52 | Hlynur Hallsson | Listasafnið á Akureyri |
| 53 | Hrafnhildur Ýr Hafsteinsd. | Reykjanesbær - Duus Safnahús |
| 54 | Hrönn Konráðsdóttir | Þjóðminjasafn Íslands |
| 55 | Hrönn Snæbjörnsdóttir | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 56 | Hrönn Traustadóttir | Listasafn Árnesinga |
| 57 | Hörður Geirsson | Minjasafnið á Akureyri |
| 58 | Inga Jónsdóttir | Listasafn Árnesinga |
| 59 | Inga Lára Baldvinsdóttir | Þjóðminjasafn Íslands |
| 60 | Ingibjörg Áskelsdóttir | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 61 | Ingibjörg Styrgerður Haraldsd. | Á eigin vegum |
| 62 | Ingiríður Óðinsdóttir | Hönnunarsafn Íslands |
| 63 | Íris Gyða Guðbjargadóttir | Borgarsögusafn Reykjavíkur |

| | | |
|----|-------------------------------|-----------------------------------|
| 64 | Joe W Walser III | Þjóðminjasafn Íslands |
| 65 | Jóhanna Bergmann | Þjóðminjasafn Íslands |
| 66 | Jóhanna Ingibjörg Viggósd. | Nemandi í safnafræði |
| 67 | Jón Allansson | Byggðasafnið í Görðum, Akranesi |
| 68 | Jóna Símonía Bjarnadóttir | Safnahúsið Ísafirði |
| 69 | Kolbrún Ýr Einarsdóttir | Nýlistasafnið |
| 70 | Kristinn Erlendur Gunnarss. | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 71 | Kristín Halla Baldvinsdóttir | Þjóðminjasafn Íslands |
| 72 | Kristín Þóra Guðbjartsdóttir | Listasafn Árnesinga |
| 73 | Kristína Róbertsdóttir Berman | Síldarminjasafn Íslands |
| 74 | Kristján B Ólafsson | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 75 | Lýður Pálsson | Byggðasafn Árnesinga |
| 76 | Margrét Aradóttir | Smámunasafn Sverris Hermannssonar |
| 77 | Margrét Björk Magnúsdóttir | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 78 | Margrét Hallgrímsdóttir | Þjóðminjasafn Íslands |
| 79 | María Karen Sigurðardóttir | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 80 | Markús Þór Andrésson | Listasafn Reykjavíkur |
| 81 | Nathalie Jacqueminet | Forvörður |
| 82 | Nína Njálisdóttir | Listasafn Íslands |
| 83 | Ólafur Ingi Jónsson | Listasafn Íslands |
| 84 | Ólöf Breiðfjörð | Menningarhúsin í Kópavogi |
| 85 | Ósk Sigurjónsdóttir | Menningarmiðstöð Hornafjarðar |
| 86 | Ragna Gestsdóttir | Minjasafnið á Akureyri |
| 87 | Ragnheiður Jósúadóttir | Þjóðminjasafn Íslands |
| 88 | Ragnheiður Vignisdóttir | Listasafn Íslands |
| 89 | Rakel Pétursdóttir | Listasafn Íslands |
| 90 | Sandra Sif Einarsdóttir | Þjóðminjasafn Íslands |
| 91 | Sigríður Bragadóttir | Minjasafnið Bustarfelli |
| 92 | Sigríður Rósa Sigurðardóttir | Smámunasafn Sverris Hermannssonar |
| 93 | Sigríður Sigurjónsdóttir | Hönnunarsafn Íslands |
| 94 | Sigríður Þorgeirsdóttir | Þjóðminjasafn Íslands |
| 95 | Sigrún Kristjánsdóttir | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 96 | Sigurður Trausti Traustason | Listasafn Reykjavíkur |

| | | |
|-----|-----------------------------|-----------------------------|
| 97 | Sigurlaug Jóna Hannesdóttir | Þjóðminjasafn Íslands |
| 98 | Sigurlaugur Ingólfsson | Borgarsögusafn Reykjavíkur |
| 99 | Smári Ólafsson | Á eigin vegum |
| 100 | Snorri Guðjón Sigurðsson | Menningarmiðstöð Þingeyinga |
| 101 | Sólveig Kristin Jónsdóttir | Borgarsögusafn |
| 102 | Steinunn M. Sveinsdóttir | Síldarminjasafn Íslands |
| 103 | Sveinn Stefánsson | Minjasafnið á Akureyri |
| 104 | Unnur Birna Karlsdóttir | Háskóli Íslands |
| 105 | Vala Magnúsdóttir | Borgarsögusafn Rvk |
| 106 | Yean Fee Quay | Listasafn Reykjavíkur |
| 107 | Þorbjörg Gunnarsdóttir | Þjóðminjasafn Íslands |
| 108 | Þorvaldur Böðvarsson | Þjóðminjasafn Íslands |
| 109 | Þóra Björk Ólafsdóttir | Safnaráð |
| 110 | Þóra Sigurbjörnsdóttir | Hönnunarsafn Íslands |
| 111 | Þröstur Sverrisson | Á eigin vegum |